

Vegagerðin

# Almenningssamgöngur Áfangaskýrsla

Etna Sigurðardóttir  
Desember 2014

**Innihald**

Inngangur.....	2
ALMENNINGSSAMGÖNGUR – ÁFANGASKÝRSLA.....	3
Almennar upplýsingar .....	5
Rekstraryfirlit síðustu tveggja ára.....	8
Rekstraráætlanir til tveggja ára (2014-2015).....	17
Akstursleiðir og tíðni ferða.....	25
Farþegafjöldi.....	29
Viðhorf notenda til þjónustunnar.....	33
Önnur atriði sem skipta máli í framkvæmd verkefnisins. Bæði það sem vel hefur tekist og það sem miður hefur farið. ....	35
Samantekt.....	40

## Inngangur

Á reglulegum samráðsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga og innanríkisráðherra óskaði sambandið eftir að ráðherra skipaði starfshóp sambandsins, ráðuneytisins og Vegagerðarinnar sem færi yfir reynsluna af samningum Vegagerðarinnar við Landshlutasamtökin um styrki til almenningssamgangnanna í landshlutunum. Starfshópur var settur á laggirnar og voru þeir Guðjón Bragason og Ásgeir Eiríksson fulltrúar sambandsins, Hreinn Haraldsson fulltrúi Vegagerðarinnar og Sigurbergur Björnsson fulltrúi innanríkisráðuneytisins sem leiddi vinnuna. Með hópnum starfar Ásta Þorleifsdóttir sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu.

Starfshópurinn hóf vinnu sína í febrúar 2014 og hefur á nokkrum fundum rætt framkvæmd samninganna og ýmis álitamál tengd henni. Starfshópurinn ákvað fljótlega að kalla eftir upplýsingum frá landshlutasamtökunum um framkvæmd verkefnisins um almenningssamgöngur og birtast þær í meðfylgjandi samantekt. Miðað er við að starfshópurinn skili tillögum sínum, þar sem horft verður til reynslu af framkvæmd almenningssamgangna á landsbyggðinni og helstu áskorana sem snúa að framhaldi verkefnisins, í lok febrúar 2015.

## ALMENNINGSSAMGÖNGUR – ÁFANGASKÝRSLA

Í byrjun apríl 2014 voru send út bréf til landshlutasamtaka sveitarfélaga um skipulagningu og framkvæmd almenningssamgangna á landi. Tilgangurinn er að sjá hvernig til hefur tekist á þeim tveim árum sem liðin eru. Landshlutasamtökin eru sjö:

- SSS – Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
- SSV – Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
- FV - Fjórðungssamband Vestfirðinga
- SSNV – Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
- Eyþing
- SSA – Samtök sveitarfélaga á Austurlandi
- SASS – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Hér eftir verður notast við skammtstöfun samtakanna nema Eyþings.

Með því að afhenda landshlutasamtökunum sérleyfin/einkaleyfin er vonast eftir því að þau nýti staðarþekkingu sína til að bæta skipulag og samvinnu milli leiða.

Samningar við sex samtök sveitarfélaga tóku gildi 1. janúar 2012 en FV hóf rekstur eftir sínum samningi 1. september 2012. Frá því að samtökin tóku við akstri samkvæmt einkaleyfunum hefur þjónustunni verið breytt á flestum svæðum og hún aðlöguð svo hún nýtist sem best. Þessar breytingar hafa styrkt svæðin sem eina heild og farþegum hefur fjölgað. Á nokkrum svæðum hefur skólaakstur og annarskonar akstur verið sameinaður almenningssamgöngum sem hefur styrkt reksturinn enn frekar. Fyrirhugað er að gera þetta á fleiri svæðum. Þessar breytingar gera það að verkum að íbúar geti t.d. nýtt sér almenningssamgöngur til og frá vinnu og skóla sem stækkar atvinnusvæði sveitarfélaganna.

Heildarstyrkir með verðbótum voru á árinu 2013, 334,6 mkr. sjá skiptingu styrkjanna í töflu hér fyrir neðan.

Í byrjun árs 2013 var gerður samningur við öll samtökin um tilraunaverkefni til að efla og þróa skipulag almenningssamgangna milli byggðakjarna og tengingu við höfuðborgarsvæðið. Upphaflega var ákveðið að einn milljarður færi í eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu en ákveðið var að skerða hann um 100 m.kr. og dreifa á aðra landshluta. Styrkirnir skiptast misjafnlega milli landshlutasamtaka en þeir landshlutar sem hafa beina tengingu við höfuðborgarsvæðið fengu 29 mkr. en önnur 3.250 þús. Fjárveiting til

verkefnisins lækkaði árið 2014 og því lækkuðu hærri styrkir úr 29 m.kr í 26,5 m.kr en lægri styrkir héldu sér.

	<b>Styrkur</b>	<b>Þróunarstyrkur 2013</b>	<b>Þróunarstyrkur 2014</b>
SSS	20.900.000	29.000.000	26.500.000
SSV	61.300.000	29.000.000	26.500.000
FV	25.400.000	3.250.000	3.250.000
SSNV	21.100.000	3.250.000	3.250.000
Eyþing	67.400.000	3.250.000	3.250.000
SSA	47.600.000	3.250.000	3.250.000
SASS	90.900.000	29.000.000	26.500.000
<b>Samtals</b>	<b>334.600.000</b>	<b>100.000.000</b>	<b>92.500.000</b>

#### Upplýsingarnar sem óskað var eftir fyrir gerð stöðuskýrslu:

- Rekstraryfirlit síðustu tveggja ára
- Rekstraráætlanir til tveggja ára
- Akstursleiðir
- Tíðni ferða
- Farþegafjöldi eftir mánuðum
- Viðhorf notenda til þjónustunnar
- Önnur atriði sem skipta máli í framkvæmd verkefnisins. Bæði það sem vel hefur tekist og það sem miður hefur farið.

Öll tóku samtökin vel í þessa fyrirspurn og svöruðu fljótt og vel.

Samtökin hafa valið ólíkar leiðir að verkefninu. Flest byrjuðu þau á því að framlengja samninga við þáverandi sérleyfishafa en fóru svo í framhaldi af því í útboð. Nánari útskýringar á því koma undir almennum upplýsingum aftar í þessari skýrslu.

Ákvæði voru í samningunum um samstarf á leiðunum, Reykjavík–Akureyri, Akureyri–Egilsstaðir og tengingu Vestfjarða um Dali. Að leiðinni Reykjavík-Akureyri koma SSV, FV, SSNV og Eyþing að leiðinni Akureyri–Egilsstaðir eru Eyþing og SSA og að leiðinni um Dali eru SSV og FV.

## Almennar upplýsingar

**SSS** – Heilt yfir litið má segja að framkvæmd samningsins hafi tekist vel til fyrstu árin. Skrifað var undir endurnýjun á samningi við SSS árið 2012. En samskonar samningur hafði verið í gildi frá árinu 2009. Eftir það tók við tímabil sem hefur einkennst af kærum og ósamstöðu. Þann 19. desember 2013 afturkallaði Vegagerðin, á grundvelli álits Samkeppnisstofnunar, einkaleyfi SSS á leiðinni milli FLE og höfuðborgarsvæðisins. SSS hefur nú stefnt íslenskra ríkinu vegna þessa.

Sveitarfélögin hafa lagt til aukna fjármuni í almenningssamgöngukerfið til að bæta þjónustu við íbúa sína. Boðið er upp á mun fleiri ferðir en samningurinn kveður á um. Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með því hvernig fjöldi notenda hefur aukist jafnt og þétt. Almenningsamgöngur eru orðnar raunhæfur kostur í augum margra, m.a. hefur fjöldi barna og ungmenna í hópi notenda aukist til mikilla muna.

Það eru ekki mörg ár síðan íbúum Suðnesja gafst kostur á því að ferðast með almenningssamgöngum á milli þéttbýliskjarna og höfuðborgarinnar. Það að byggja upp almenningssamgangnakerfi tekur tíma og hugarfarsbreyting íbúa er nauðsynleg. SSS gerði samning við Strætó bs. þar sem íbúar Suðnesja fá skiptimiða í strætó á höfuðborgarsvæðinu við komu í vagn á Suðurnesjum. Er það mikið hagræði fyrir notendur.

**SSV** – Í ársbyrjun 2012 voru samningar við verktaka framlengdir frá áramótum til 31. ágúst 2012 en þegar þeir runnu út var gerður þjónustusamningur við Strætó bs. um þær leiðir sem SSV hefur umsjón með og allar þessar leiðir samræmdar leiðakerfi Strætó.

Í heildina hefur verkefnið tekist mjög vel ef frá eru taldir síðustu 4 mánuðir ársins 2012 sem voru fyrstu mánuðir eftir innleiðingu á nýju leiðakerfi. Mikil ánægja er með núverandi leiðakerfi meðal íbúa á Vesturlandi og endurspeglar þróun farþegafjölda þetta viðhorf.

Það er mikilvægt varðandi framhaldið að horft verði á þetta svæði sem eitt leiðakerfi. Haldið verði áfram að þróa það eins og gert hefur verið síðustu 2 ár og samræma t.d. skólaakstur við almenningssamgöngur svo eitthvað sé nefnt.

**FV** – Skrifað var undir samning við FV þann 30. júlí 2012 og hófst akstur 1. september sama ár. FV hefur eins og unnt er og sem fjárframlög leyfa að haft samvinnu við Strætó bs. og

aðliggjandi landshlutasamtök til að efla og tryggja skilvirkt flæði farþega milli almenningssamgöngukerfa á milli landsvæða. Fjárhagsrammi FV tók mið af þeim samningum sem Vegagerðin hafði áður við aðila á Vestfjörðum. Þessi rammi er mjög þröngur og svigrúm til breytinga lítið. Sveitarfélögin á Vestfjörðum settu stjórn FV það skilyrði að samningurinn leiði ekki til aukaútgjalda fyrir sveitarfélögin.

Ekki var samið á árinu 2013 um þær tvær leiðir sem hafa verið eknar yfir sumartímamann (Ísafjörður–Hólmavík og Ísafjörður–Patreksfjörður) og ekki var akstur allt árið á leiðinni Ísafjörður – Súðavík, þar sem verktakar hættu akstri vegna rekstrarerfiðleika.

Í júlí 2014 sömdu Fjórðungssamband Vestfirðinga og Hóperðamiðstöð Vestfjarða ehf. um akstur á sérleyfinu Ísafjörður–Hólmavík–Ísafjörður og var fyrsta ferðin farin 1. ágúst 2014. Keyrt var á miðvikudögum og sunnudögum til 14. september en eftir það var tekin upp vetraráætlun með akstri á föstudögum og sunnudögum fram í miðjan maí 2015. Ekið er í takt við áætlun Strætó bs. samkvæmt leið 59 milli Hólmavíkur og Borgarness (Reykjavík).

Um miðjan ágúst 2014 samdi Fjórðungssamband Vestfirðinga við Ferðapjónustu Vestfjarða ehf um akstur á sérleyfinu Patreksfjörður–Brjánslækur–Ísafjörður og var fyrsta ferð ekin 25. ágúst 2014. Leiðin er tvískipt annars vegar á milli Patreksfjarðar og Brjánslækjar og hins vegar á milli Ísafjarðar og Brjánslækjar. Ferðir voru í boði þrisvar í viku á milli Ísafjarðar og Brjánslækjar eða mánudaga, miðvikudaga og föstudaga til 15. september en eftir það var fjöldi ferða endurskoðaður og verða þær ekki í boði veturinn 2014 -2015 en akstur verður tekinn aftur upp þegar leiðin á milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar opnast að vori 2015. Ferðirnar tóku mið af áætlun Baldurs yfir Breiðafjörð.

**SSNV** – SSV sér um allar leiðir á svæði SSNV og því barst engin skýrsla frá þeim.

**Eyþing** – Eftir að Eyþing tók við rekstrinum voru samningar framlengdir um eitt ár og eftir útboð var samið við Strætó bs. um akstur á öllum leiðum svæðisins. Rekstrarerfiðleikar hafa einkennt reksturinn en gert hafði verið ráð fyrir að fá tekjur af leið 57 sem SSV rekur en engar tekjur hafa skilað sér af þeirri leið. Þann 30. apríl sl. var samningnum sagt upp og óskað eftir að Vegagerðin taki yfir samning við verktaka sem gerðir voru á grundvelli samningsins við Vegagerðina einnig samning við Strætó bs. sem undirritaður var 18. desember 2012. Ákvörðun Eyþings er tekin í kjölfar fundar í fulltrúaráði Eyþings 8. apríl og fundar í innanríkisráðuneytinu þann 3. apríl. Óskað var eftir að uppsögn taki gildi 1. júlí 2014.

Vegagerðin hafnaði uppsögninni og vísaði því til stuðnings í 8. grein samningsins. Þar kemur fram að samningurinn framlengist um tvö ár í senn sé honum ekki sagt upp með níu mánaða fyrirvara sem miðast við áramót. Vegagerðin, Eyþing og að hluta til innanríkisráðuneytið, hafa undanfarna mánuði leitað lausna á rekstrarvanda þessa verkefnis hjá Eyþingi. Nauðsynlegt er að gera einhverjar breytingar á rekstrarumhverfinu til að tryggja framtíð verkefnisins. Samgönguyfirvöld telja bæði æskilegt og nauðsynlegt að verkefnið verði áfram á hendi landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Almenn ánægja virðist vera með þjónustuna þar sem lögð hefur verið áhersla á að skipuleggja ferðir innan svæðis út frá skóla- og vinnusókn. Ánægjan virðist þó mest vera með tengingarnar milli landshluta en kjör á þeim leiðum eru mjög hagstæð.

**SSA** – Austurbrú er framkvæmdaaðili SSA um samning milli Vegagerðar og SSA. Austurbrú stýrir verkefninu, vinnur að markaðssetningu, samræmingu og sér um heildaryfirsýn. Austurbrú sér auk þess að hluta til um samskipti við hagsmunaaðila og um samningagerð milli ríkis og sveitafélaga eins og við á.

Leiðarkerfi SVAust hefur verið rekið frá því í byrjun árs 2012, fyrst sem þróunarverkefnið Skipulagðar samgöngur í Fjarðabyggð (evrópuverkefnið RTS). Verkefninu var upphaflega hrundið af stað af sambandi sveitarfélaga á Austurlandi (SSA), Austurbrú, þá Þróunarfélagi Austurlands og Vegagerðinni með yfirfærslu á samningum um sérleyfisakstur í fjórðungnum, auk skipulags og framkvæmd samgangna. Ákveðið var að fara þá leið að samþætta eins mikið af akstri innan fjórðungsins og kostur væri. Töluverður starfsmannaakstur er milli byggðakjarna á miðsvæðinu, mest Alcoa Fjarðarál, sem hélt uppi öflugum aksturskerfi fyrir sína starfsmenn og verktaka. Auk þess voru sveitarfélögin með ýmsa þjónustu í akstri, s.s. íþróttakstur og skólaakstur sem einnig var tekinn inn í þessa samþættingavinnu. Í upphafi ársins 2013 voru allar þessar akstursleiðir sameinaðar undir heitinu Strætisvagnar Austurlands eða SVAust og leiðakerfið gert aðgengilegt almenningi og gjaldskrár samræmdar. Reyðarfjörður er miðja leiðarkerfisins og þaðan liggja þrjár brautir. Með eflingu og skipulögðum almenningssamgöngum verður það raunhæfari kostur fyrir íbúa að sækja vinnu, skóla og þjónustu milli þéttbýliskjarna. Með þessum breytingum hefur farþegum fjölgað á öllum leiðunum.



**SASS** – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga tóku við rekstri almenningssamgangna á Suðurlandi 1. janúar 2012. Í maí 2012 var gerður samningur við Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu) um umsjón og rekstur á skólaakstri fyrir skólann og jafnframt var aksturinn um leið opnaður almenningi. Áður en SASS tók við akstrinum fyrir FSu þá var aksturinn boðinn út og verktakanum greitt með framlaginu frá LÍN að fengnu samþykki nemenda sem fá styrkinn. Gerð var könnun áður en gengið var til samninga sem leiddi í ljós að slík samnýting væri hagstæð fyrir báða aðila og myndi skila sér í bættum almenningssamgöngum og betri þjónustu fyrir nemendur FSu. Samnýting er fjárhagslega hagkvæm fyrir báða aðila. Samningur var gerður við Sveitarfélagið Árborg um akstur svokallaðs Árborgarstrætós á milli þéttbýlisstaðanna þriggja í sveitarfélaginu. Sömuleiðis var samið við Sveitarfélagið Ölfus og sveitarfélögin þrjú í Rangárvallarsýslu um aukna þjónustu sem viðkomandi sveitarfélög greiddu fyrir að hluta. Haustið 2013 hófst síðan akstur á nýrri leið milli Þorlákshafnar og Reykjavíkur.

## Rekstraryfirlit síðustu tveggja ára

### SSS

Tekjur	2011	2012 - 31/7
Vegagerðin	25.452	15.331
<b>Gjöld</b>		
Akstur	20.608	11.534
Laun og launatengd gjöld	1.937	992
Annar kostnaður	1.004	1.876
<b>Samtals</b>	<b>23.549</b>	<b>14.402</b>
Mismunur	1.903	929

**SSV** – Rekstraryfirlit sundurliðað niður á mánuði. Fyrstu 6 mánuði ársins 2012 (reyndar 7 mánuði, var leiðrétt síðar) greiddi SSV, Akraneskaupstað framlag Vegagerðarinnar vegna aksturs Akranes–Reykjavík-Akranes og Akraneskaupstaður sá um að greiða verktaka og þjónustugjöld Strætó bs. en þessi leið var þá orðin hluti af leiðakerfi Strætó. Frá 1. júlí 2012 færðist þessi umsjón til SSV og eftir það greiðir Akraneskaupstaður framlag til SSV vegna almenningssamgangna.

2012

## Almenningssamgöngur - rekstraryfirlit

TEKUR	Ján	Feb	Mars	Apr	Mai	Júní	Júlí	Agúst	Sept	Okt	Nov	Des	Alls
Stýrkur frá Vegagerð ríkisins	4.833.333	4.833.333	4.833.333	4.962.693	4.962.693	4.962.693	4.995.606	4.927.549	4.927.549	5.022.318	5.022.318	5.022.318	59.305.736
Framlag FV	654.295	654.295	654.295	654.295	654.295	654.295	654.295	654.295	477.124	1.043.924	760.524	760.524	8.276.456
Framlag SSNV	1.028.178	1.028.178	1.028.178	1.028.178	1.028.178	1.028.178	1.028.178	1.028.178	749.767	749.767	749.767	1.020.267	11.494.992
Framlag SSNV-stubbaakstur	736.716	673.206	736.716	685.908	774.822	762.120	812.928	787.524	237.250	808.800	276.400	582.400	7.874.790
Framlag Eypings	1.682.472	1.682.472	1.682.472	1.682.472	1.682.472	1.682.472	1.682.472	1.682.472	1.226.893	1.226.893	1.226.893	1.226.893	18.367.348
Framlag Akranesskaupstaðar						1.178.961	2.616.421	1.800.000	1.800.000	1.800.000	1.800.000	1.800.000	12.795.382
Fargjaldtekjur								4.471.979	5.354.932	8.261.685	5.833.507	5.731.613	29.653.716
<b>SAMTALS TEKJUR 2012</b>	<b>8.934.994</b>	<b>8.871.484</b>	<b>8.934.994</b>	<b>9.013.546</b>	<b>9.102.460</b>	<b>10.268.719</b>	<b>11.789.900</b>	<b>15.351.997</b>	<b>14.773.515</b>	<b>18.913.387</b>	<b>15.669.409</b>	<b>16.144.015</b>	<b>147.768.420</b>

GÖLD	Ján	Feb	Mars	Apr	Mai	Júní	Júlí	Agúst	Sept	Okt	Nov	Des	Alls
Akranesskaupstaður	736.641	736.641	736.641	736.641	736.641	736.641	736.641						5.156.487
Bílar og fólk	6.947.748	6.653.155	7.202.737	6.565.437	7.621.954	10.248.802	10.667.145	10.619.700					66.526.678
Hópbílar							3.795.382	2.819.407	16.710.442	18.058.071	18.377.153	16.709.641	76.470.096
Strætó								1.697.378	2.530.924	2.590.069	2.590.069	2.590.069	11.998.509
Sigurður Ingi Þorsteinsson									342.000	387.000	839.900	731.700	2.300.600
Hjalti Allan Sverrisson									748.484	910.000	1.259.200	1.206.700	4.124.384
Heiðar Kr. ehf.									277.600	237.200	276.400	336.400	1.127.600
Húnavirki									237.250	294.000	270.500	246.000	1.047.750
VSO ráðgjöf		238.750											238.750
Annar kostnaður	305	305	305	305	305	305	305						2.135
<b>SAMTALS GÖLD 2012</b>	<b>7.684.694</b>	<b>7.628.851</b>	<b>7.939.683</b>	<b>7.302.383</b>	<b>8.358.900</b>	<b>10.985.748</b>	<b>15.199.473</b>	<b>15.136.485</b>	<b>20.846.700</b>	<b>22.476.340</b>	<b>23.613.222</b>	<b>21.820.510</b>	<b>168.992.989</b>

HAGNAÐUR/TAP 2012	1.250.300	1.242.633	995.311	1.711.163	743.560	-717.029	-3.409.573	215.512	-6.073.185	-3.562.953	-7.943.813	-5.676.495	-21.224.569
UPPSAFN HAGNTAP 2012	1.250.300	2.492.933	3.488.244	5.199.407	5.942.967	5.225.938	1.816.365	2.031.877	-4.041.308	-7.604.261	-15.548.074	-21.224.569	

## Almenningssamgöngur - rekstraryfirlit

2013

TEKJUR	Ján	Feb	Mars	Apr	Mai	Júní	Júlí	Agúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Alls
Styrkur frá Vegagerð ríkisins	30.133.910						5.374.580	5.136.576	5.136.576	5.173.862	5.173.862	5.173.862	61.303.228
Vegagerð ríkisins-viðbótarfram	2.416.667	2.416.667	2.416.667	2.416.667	2.416.667	2.416.667	2.416.667	2.416.667	2.416.667	2.416.667	2.416.667	2.416.667	29.000.004
Framlag FV	5.343.258						926.051	903.332	903.332	907.832	907.832	907.832	10.799.469
Framlag SSNV	5.724.492						1.009.879	974.178	974.178	981.250	981.250	981.250	11.626.477
Framlag SSNV-stubbaakstur	620.000	594.500	673.300	623.100	667.800	671.500	712.560	757.700	634.117	595.816		1.483.046	8.033.439
Framlag Eyþings	9.367.344						1.652.529	1.594.110	1.594.110	1.605.682	1.605.682	1.605.682	19.025.139
Framlag Akranesskaupstaðar			4.333.335	833.334	833.334	833.334	833.334	833.334	833.334	833.334	833.334	833.334	11.833.341
Fargjaldtekjur	9.760.081	9.352.260	8.430.234	9.533.957	11.018.079	11.823.013	19.569.174	18.786.762	13.394.953	14.107.254	11.713.875	9.301.411	146.791.053
<b>SAMTALS TEKJUR 2013</b>	<b>63.365.752</b>	<b>12.363.427</b>	<b>15.853.536</b>	<b>13.407.058</b>	<b>14.935.880</b>	<b>15.744.514</b>	<b>32.494.774</b>	<b>31.402.659</b>	<b>25.887.267</b>	<b>26.621.697</b>	<b>23.632.502</b>	<b>22.703.084</b>	<b>298.412.150</b>

GJÖLD	Ján	Feb	Mars	Apr	Mai	Júní	Júlí	Agúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Alls
Akraneskaupstaður													0
Hópbíllar	17.278.766	16.386.370	16.378.587	17.178.315	17.704.529	19.171.580	19.231.893	17.368.420	17.368.544	17.773.667	17.141.631	16.612.445	209.584.747
Hópbíllar-ollugjald	514.129	506.591	482.705	469.215	506.599	515.681	529.449	478.448	514.421	470.405	517.586	501.851	6.007.080
Strætó	2.590.069	2.590.069	2.590.069	2.590.069	2.590.069	2.590.069	2.730.633	2.641.821	2.641.821	2.659.072	2.659.072	2.659.072	31.531.905
Sigurður Ingi Þorsteinsson	870.000	820.000	795.000	820.000	1.610.000	2.369.682	2.364.618	2.531.712	1.886.120	1.630.411	1.580.792	1.585.856	18.884.191
Hjalti Allan Sverrisson	1.390.000	1.290.000	1.420.000	1.400.000	1.750.000	2.100.000	2.170.000	2.170.000	1.680.000	1.155.000	1.225.000	1.483.900	19.233.900
Heiðar Kr. ehf.	370.000	338.000	392.800	347.600	368.800	382.000	393.600	453.200	339.200	302.450	470.400	448.986	4.607.036
Húnavíki	250.000	256.500	280.500	275.500	299.000	289.500	318.960	304.500	294.917	283.366	290.954	272.706	3.426.403
Hópterðabíllar Akureyrar ehf.										360.000		100.000	460.000
<b>SAMTALS GJÖLD 2013</b>	<b>23.262.964</b>	<b>22.187.530</b>	<b>22.339.661</b>	<b>23.080.699</b>	<b>24.828.997</b>	<b>27.418.512</b>	<b>27.739.153</b>	<b>25.948.101</b>	<b>24.715.023</b>	<b>24.644.371</b>	<b>23.885.435</b>	<b>23.664.816</b>	<b>293.715.262</b>

<b>HAGNAÐUR/TAP 2013</b>	<b>40.102.788</b>	<b>-9.824.103</b>	<b>-6.486.125</b>	<b>-9.673.641</b>	<b>-9.893.117</b>	<b>-11.673.998</b>	<b>4.755.621</b>	<b>5.454.558</b>	<b>1.172.244</b>	<b>1.977.326</b>	<b>-252.933</b>	<b>-961.732</b>	<b>4.696.888</b>
<b>UPPSAFNI HAGNV TAP 2013</b>	<b>40.102.788</b>	<b>30.278.685</b>	<b>23.792.560</b>	<b>14.118.919</b>	<b>4.225.802</b>	<b>-7.448.196</b>	<b>-2.692.575</b>	<b>2.761.983</b>	<b>3.934.227</b>	<b>5.911.563</b>	<b>5.658.620</b>	<b>4.696.888</b>	

<b>UPPSAFNI HAGNV TAP 2012-13</b>	<b>18.878.219</b>	<b>9.054.116</b>	<b>2.567.991</b>	<b>-7.105.650</b>	<b>-16.998.767</b>	<b>-28.672.765</b>	<b>-23.917.144</b>	<b>-18.462.586</b>	<b>-17.290.342</b>	<b>-15.313.016</b>	<b>-15.565.949</b>	<b>-16.527.681</b>	
-----------------------------------	-------------------	------------------	------------------	-------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--

**FV** – Í upphafi árs 2013 var kynnt að haustið og fram að áramótum 2012/2013 hefði orðið verulegt tap af akstri samkvæmt samstarfssamningi FV, SSV, SSNV og Eyþings. Brugðist var við þessari stöðu með fækkun ferða og öðrum aðgerðum og náðist jafnvægi í reksturinn á árinu 2013 og það sem af er árinu 2014. Tap af rekstri frá 2012 er enn óuppgert á milli landshlutasamtaka og óljóst hvenær niðurstaða af því máli liggur fyrir.

Rekstraryfirlit fyrir árið 2012 var eins og hér segir:

<b>2012</b>	<b>Tekjur</b>
Styrkur vegna almenningssamgangna	13.031.604
<b>2012</b>	<b>Gjöld</b>
Samningsgreiðslur akstur í samstarfi við SSV, SSNV og Eyþings	8.276.546
Samningsgreiðslur akstur á vegum FV	3.326.893
Rekstur FV v. almenningssamgangna	320.293
<b>Niðurstaða</b>	<b>1.107.872</b>

FV ákvað setja rekstrarafgang inn í rekstur FV vegna óvissu um uppgjör taps á samrekstri FV, SSV, SSNV og Eyþings.

Rekstraryfirlit fyrir árið 2013 var sem hér segir.

<b>2013</b>	<b>Tekjur</b>
Styrkur vegna almenningssamgangna	25.336.854
Styrkur vegna þróunarsamnings	3.250.000
Samtals	28.586.854
<b>2013</b>	<b>Gjöld</b>
Samningsgreiðslur akstur í samstarfi við SSV, SSNV og Eyþings	10.799.469
Samningsgreiðslur akstur á vegum FV	11.177.126
Samtals v. aksturs	21.976.595
<b>Mismunur v. aksturs</b>	<b>3.360.259</b>
Rekstur almenningssamgangna	1.240.968
Aðkeypt sérfræðivinna	134.467
Samtals v. reksturs almenningssamgangna	1.375.435
Mismunur	1.874.565
<b>Niðurstaða</b>	<b>5.234.824</b>

FV hefur ákveðið að flytja 3,4 mkr. til ársins 2014 m.a. til að gera tilraun með heilsársakstur milli Brjánslækjar og Patreksfjarðar í tengslum við ferjuna Baldur og þróa akstur frá Hólmavík. Vænta má verulegs taps af þessum leiðum á meðan þær eru í uppbyggingu. FV

heldur eftir 1.875 þkr. sem varasjóð til að mæta uppgjöri af samrekstri FV, SSV, SSNV og Eyþingi. Tekin verður afstaða um nánari ráðstöfun þegar uppgjör liggur fyrir.

**SSNV** – Allur styrkur SSNV rennur óskiptur til SSV þar sem SSV sér um allan akstur á leiðum SSNV.

**Eyþing** – Sundurliðun úr ársreikningi 2012.

Rekstrargjöld frh.

	2012	Áætlun 2012 með viðaukum	2011
<b>Almenningssamgöngur</b>			
Greiðslur vegna aksturs .....	67.166.601	66.690.000	0
Skrifstofuáhöld .....	12.500	0	0
Bókhalds- og ritaraþjónusta .....	116.128	0	0
Fundakostnaður .....	32.594	0	0
Aðkeypt þjónusta .....	1.523.050	0	0
Annar kostnaður .....	14.200	0	0
	68.865.073	66.690.000	0

## 3. Sundurliðun rekstrar og efnahagsliða

	Eyþing	Skólaþjónusta	Menningarráð	Almennings- samgöngur
<b>Rekstrartekjur</b>				
Framlag jöfnunarsj./ríkissjóðs .....	23.666.990	0	38.595.000	66.451.386
Framlög sveitarfélaga .....	1.500.000	0	10.600.002	0
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	0	0	(6.528.559)	0
	25.166.990	0	42.666.443	66.451.386
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	16.240.488	0	9.456.648	0
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	0	833.044	0	0
Úthlutaðir styrkir .....	0	0	30.915.000	0
Lækkaðir og niðurfelldir styrkir .....	0	0	(1.297.500)	0
Greiðslur vegna aksturs .....	0	0	0	67.166.601
Aðkeypt vinna .....	4.020.100	0	817.800	1.639.178
Skrifstofukostnaður .....	849.767	0	946.205	12.500
Endurgreiddur útl. kostnaður .....	(447.000)	0	0	0
Ferða- og fundakostnaður .....	3.639.957	0	1.569.499	32.594
Leiga og rekstur húsnæðis .....	709.186	0	595.994	0
Annar kostnaður .....	666.769	0	165.799	14.200
	25.679.267	833.044	43.169.445	68.865.073
<b>Rekstrarniðurst. fyrir fjármagnsliði</b>	(512.277)	(833.044)	(503.002)	(2.413.687)
Fjármunatekjur og fjármagnsgj. ....	(100.002)	0	503.002	(12.339)
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	(612.279)	(833.044)	0	(2.426.026)
<b>Eignir</b>				
Eignarhlutir í félögum .....	2.325.436	0	0	0
Kröfur á sveitarfélög .....	0	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....	11.068.785	0	64.343	125.027
Markaðsverðbréf .....	9.721.989	0	0	0
Bankainnstæður .....	11.784.990	0	47.104.707	159.586
<b>Eignir samtals</b>	34.901.200	0	47.169.050	284.613
<b>Eigið fé</b>				
Eiginfjárreikningur .....	24.119.742	(16.038.788)	0	(2.426.026)
<b>Skuldir</b>				
Lífeyrisskuldbinding .....	0	16.015.854	0	0
Fjarlækningarverkefni .....	1.582.388	0	0	0
Ógreiddir verkefnastyrkir .....	0	0	4.805.000	0
Ógreiddir stofn og rekstrarst. ....	0	0	9.000.000	0
Fyrirfram innheimtar tekjur .....	0	0	31.682.032	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	9.199.070	22.934	1.682.018	2.710.639
	10.781.458	16.038.788	47.169.050	2.710.639
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	34.901.200	0	47.169.050	284.613

Sundurliðun úr drögum af ársreikningi 2013.

## Sundurliðanir



## 1. Rekstrartekjur

	2013	Áætlun 2013 með viðaukum	2012
Framlög ríkis vegna almenningssamgangna .....	76.838.504	0	66.451.386
Farþegatekjur vegna almenningssamgangna .....	30.304.922	0	0
	220.900.070		

## Almenningssamgöngur

Greiðslur vegna aksturs .....	145.665.277	0	67.166.601
Aðkeypt þjónusta Strætó .....	16.500.855	0	0
Nefndarlaun .....	1.157.358	1.680.000	0
Launatengd gjöld .....	208.672	410.000	0
Endurgreiddur bifreiðakostnaður .....	240.004	425.000	0
Ferðakostnaður .....	521.644	110.000	0
Dagpeningar .....	102.755	50.000	0
Skrifstofuáhöld .....	0	0	12.500
Ritföng, pappír og prentun .....	146.132	145.000	0
Bókhalds- og ritaraþjónusta .....	246.376	295.000	116.128
Sérfræðiþjónusta .....	935.806	1.065.000	0
Auglýsingar .....	25.100	0	0
Fundakostnaður .....	55.836	25.000	32.594
Aðkeypt þjónusta .....	326.674	0	1.523.050
Annar kostnaður .....	52.148	95.000	14.200
	166.184.637	4.300.000	68.865.073

**SSA** – Sundurliðun eftir mánuðum. Stórt strik var sett í reksturinn árið 2012 þegar SSA tók ákvörðun um að verja sérleyfið sitt með því að setja lögbann á akstur Sternu sem keyrði ofan í akstursleið, þ.e. sumarakstur Egilsstaðir-Höfn–Egilsstaðir. Sá gjörningur hefur haft fjárhagslegar afleiðingar fyrir SSA og sér ekki fyrir endann á. Mjög brýnt er að fá niðurstöðu í þessi mál þannig að hægt sé að skipuleggja akstur og útfærslur út frá fyrirframgefnum forsendum.

## 2012:

Rekstartekjur	jan	feb	mars	apr	maí	júní	júl	ágúst	sept	okt	nóv	des	
Vegagerð Ríkisins		3.750.000	3.750.000	3.750.000	3.850.365	3.850.365	3.850.365		7.699.000	3.823.098	3.896.626	3.896.626	42.116.445
SSA							2.000.000	2.500.000				1.000.000	5.500.000
Farþegatekjur						22.500	232.114	329.598	397.947				982.159
Innvextir												18.975	
<b>Samtals</b>		<b>3.750.000</b>	<b>3.750.000</b>	<b>3.750.000</b>	<b>3.850.365</b>	<b>3.872.865</b>	<b>6.082.479</b>	<b>2.829.598</b>	<b>8.096.947</b>	<b>3.823.098</b>	<b>3.896.626</b>	<b>4.896.626</b>	<b>48.598.604</b>
<b>Rekstargjöld</b>													
Sveitarfélög		2.839.473	2.833.221	3.427.916	2.954.514	3.182.813	3.863.732	3.277.651	3.519.169	2.888.191	3.194.213	3.360.431	35.341.324
Eyþing/SBA		440.862	579.660	510.261	510.261								2.041.044
Hópbílar Akureyrar							3.149.699		3.958.380	1.787.820			8.895.899
Sérfræðikostnaður/VSO			187.230	195.425	656.113	238.982	73.200						1.350.950
sérfræðikostnaður/Ásta Kristín												840.000	840.000
Vaxtagjöld												3.795	3.795
rekstur													-
Lögmanskostn/Lögbannsmál								7.000.000				3.716.125	10.716.125
Kynning					40.075								40.075
Tæknibúnaður													-
Annar kostnaður		55.829			65.000	47.149		18.476	17.077	7.393		104.500	315.424
SSA													-
<b>Samtals</b>		<b>3.336.164</b>	<b>3.600.111</b>	<b>4.133.602</b>	<b>4.225.963</b>	<b>3.468.944</b>	<b>7.086.631</b>	<b>10.296.127</b>	<b>7.494.626</b>	<b>4.683.404</b>	<b>3.194.213</b>	<b>8.024.851</b>	<b>59.544.636</b>
<b>Rekstramiðurstaða</b>		<b>413.836</b>	<b>149.889</b>	<b>- 383.602</b>	<b>- 375.598</b>	<b>403.921</b>	<b>- 1.004.152</b>	<b>- 7.466.529</b>	<b>602.321</b>	<b>- 860.306</b>	<b>702.413</b>	<b>- 3.128.225</b>	<b>- 10.946.032</b>

## 2013:

Rekstartekjur	jan	feb	mars	apr	maí	júní	júl	ágúst	sept	okt	nóv	des	
Vegagerð Ríkisins	3.896.626	3.903.407	3.903.407	3.903.407	3.951.398	3.951.398	5.847.231	3.985.275	4.256.108	4.256.108	4.285.037	4.285.037	50.424.439
SSA		2.000.000											2.000.000
Farþegatekjur												123.914	123.914
<b>Samtals</b>	<b>3.896.626</b>	<b>5.903.407</b>	<b>3.903.407</b>	<b>3.903.407</b>	<b>3.951.398</b>	<b>3.951.398</b>	<b>5.847.231</b>	<b>3.985.275</b>	<b>4.256.108</b>	<b>4.256.108</b>	<b>4.285.037</b>	<b>4.408.951</b>	<b>52.548.353</b>
<b>Rekstargjöld</b>													
Sveitarfélög	3.073.057	2.647.558	2.547.809	2.265.865	2.617.935	2.257.925	2.193.685	3.768.234	2.799.856	1.413.887	4.472.761	3.914.828	33.973.400
Eyþing/SBA							3.007.415	500.000	500.000	500.000	500.000	500.000	5.507.415
Hópbílar Akureyrar													-
Sérfræðikostnaður												1.344.000	
Vaxtagjöld												24.782	24.782
rekstur													-
Lögmanskostn/Lögbannsmál								1.212.904					1.212.904
Kynning		80.000											80.000
Tæknibúnaður/þróunarkostnaður												1.500.000	1.500.000
Annar kostnaður													-
SSA			2.000.000										2.000.000
Tap 2012	10.946.032												10.946.032
<b>Samtals</b>	<b>14.019.089</b>	<b>4.727.558</b>	<b>2.547.809</b>	<b>2.265.865</b>	<b>2.617.935</b>	<b>2.257.925</b>	<b>6.414.004</b>	<b>4.268.234</b>	<b>3.299.856</b>	<b>1.913.887</b>	<b>4.972.761</b>	<b>7.283.610</b>	<b>56.588.533</b>
<b>Mismunur</b>	<b>- 10.122.463</b>	<b>1.175.849</b>	<b>1.355.598</b>	<b>1.637.542</b>	<b>1.333.463</b>	<b>1.693.473</b>	<b>- 566.773</b>	<b>- 282.959</b>	<b>956.252</b>	<b>2.342.221</b>	<b>- 687.724</b>	<b>- 2.874.659</b>	<b>- 4.040.180</b>



**SASS** – Eins og sést á meðfylgjandi töflu hefur rekstur almenningssamgangna gengið vel. Á árinu 2012 var tap upp á um 3,4 mkr. en í raun var reksturinn réttu megin við strikið en lögfræðikostnaður upp á rúmar 5 mkr. gerði það að verkum að tap varð á heildarrekstrinum. Árið 2013 var mun hagstæðara en hagnaður af rekstri reyndist þá rúmar 22 mkr. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar en í samningum við sveitarfélögin sem greiða sérstaklega fyrir aukna þjónustu er ákvæði um að greiðslur þeirra lækki ef hagnaður verður af rekstrinum. Þau sjónarmið hafa komið fram að rétt sé að bíða með þá ákvörðun þar til dómsmál sem hafa verið höfðuð vegna útboða verða til lykta leidd.

<b>Almenningssamgöngur á Suðurlandi 2012 og 2013</b>			
		<b>2012</b>	<b>2013</b>
<b>Tekjur.</b>			
Vegagerðin.....		87.554.306	119.904.094
Fargjaldatekjur.....		92.403.081	102.150.431
Nemakort.....		15.070.000	27.297.500
Sveitarfélögin.....		8.121.665	22.397.322
Ísland á eigin vegum.....		1.750.000	1.750.000
		<b>204.899.052</b>	<b>273.499.347</b>
<b>Gjöld</b>			
Greiddur akstur - Hópbílar.....		181.133.234	219.420.166
Strætó bs - þjónusta.....		22.092.928	28.120.020
Sérfræðiasstoð ofl.....		5.070.433	3.806.970
		<b>208.296.595</b>	<b>251.347.156</b>
Rekstur á almennigssamgöngum		<b>(3.397.543)</b>	<b>22.152.191</b>

Rekstraráætlanir til tveggja ára (2014-2015)

SSS – Rekstraráætlun 2014

Fjárhagsáætlun - Almenningssamgöngur 2014 - Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

	Jan	Feb	March	April	May	June	July	Aug	Sept	Oct	Nov	Dec	Year
<b>Helidagsgjöld</b>	6.122.900 Kr.	5.371.500 Kr.	5.771.500 Kr.	5.071.500 Kr.	5.571.500 Kr.	5.471.500 Kr.	5.571.500 Kr.	4.971.500 Kr.	5.671.500 Kr.	5.371.500 Kr.	6.071.500 Kr.	5.521.500 Kr.	66.071.500 Kr.
<b>Helidagshútur/Áfangur-Hall</b>	↓ - 4.383.395 Kr.	↓ - 333.395 Kr.	↓ - 4.033.395 Kr.	↓ - 333.395 Kr.	↓ - 833.395 Kr.	↓ - 433.395 Kr.	↓ - 833.395 Kr.	↓ - 233.395 Kr.	↓ - 933.395 Kr.	↓ - 333.395 Kr.	↓ - 433.395 Kr.	↓ - 783.395 Kr.	↓ - 9.204.240 Kr.
<b>Tekur</b>													
<b>Veggerðin</b>	4.014.405 Kr.	4.014.405 Kr.	4.014.405 Kr.	4.014.405 Kr.	4.014.405 Kr.	4.014.405 Kr.	4.014.405 Kr.	4.014.405 Kr.	4.014.405 Kr.	4.014.405 Kr.	4.014.405 Kr.	4.014.405 Kr.	48.014.405 Kr.
<b>Kynniféttir</b>	600.000 Kr.	600.000 Kr.	600.000 Kr.	600.000 Kr.	600.000 Kr.	600.000 Kr.	600.000 Kr.	600.000 Kr.	600.000 Kr.	600.000 Kr.	600.000 Kr.	600.000 Kr.	7.200.000 Kr.
<b>Samband sveitarfélaga á Suðurn</b>	115.000 Kr.	115.000 Kr.	115.000 Kr.	115.000 Kr.	115.000 Kr.	115.000 Kr.	115.000 Kr.	115.000 Kr.	115.000 Kr.	115.000 Kr.	115.000 Kr.	115.000 Kr.	1.380.000 Kr.
<b>Samtals</b>	4.739.405 Kr.	4.739.405 Kr.	4.739.405 Kr.	4.739.405 Kr.	4.739.405 Kr.	4.739.405 Kr.	4.739.405 Kr.	4.739.405 Kr.	4.739.405 Kr.	4.739.405 Kr.	4.739.405 Kr.	4.739.405 Kr.	56.888.200 Kr.
<b>Utgjöld</b>													
<b>Rekstur</b>													
<b>Símalostnaður</b>	2.500 Kr.	2.500 Kr.	2.500 Kr.	2.500 Kr.	2.500 Kr.	2.500 Kr.	2.500 Kr.	2.500 Kr.	2.500 Kr.	2.500 Kr.	2.500 Kr.	2.500 Kr.	30.000 Kr.
<b>Ferða- og útakostnaður</b>	2.000 Kr.	2.000 Kr.	2.000 Kr.	2.000 Kr.	2.000 Kr.	2.000 Kr.	2.000 Kr.	2.000 Kr.	2.000 Kr.	2.000 Kr.	2.000 Kr.	2.000 Kr.	24.000 Kr.
<b>Auðisýngur og- kynningarkst.</b>	100.000 Kr.	100.000 Kr.	100.000 Kr.	100.000 Kr.	100.000 Kr.	100.000 Kr.	100.000 Kr.	100.000 Kr.	100.000 Kr.	100.000 Kr.	100.000 Kr.	100.000 Kr.	1.200.000 Kr.
<b>Endurskiðun og reiningsskið</b>						200.000 Kr.							200.000 Kr.
<b>Lögfræðikostnaður</b>	600.000 Kr.		600.000 Kr.		600.000 Kr.		600.000 Kr.		600.000 Kr.		600.000 Kr.		7.200.000 Kr.
<b>Vogastæði</b>	73.000 Kr.	73.000 Kr.	73.000 Kr.	73.000 Kr.	73.000 Kr.	73.000 Kr.	73.000 Kr.	73.000 Kr.	73.000 Kr.	73.000 Kr.	73.000 Kr.	73.000 Kr.	876.000 Kr.
<b>Höfundir/Starfs-FLE</b>	500.000 Kr.	500.000 Kr.	500.000 Kr.	500.000 Kr.	500.000 Kr.	500.000 Kr.	500.000 Kr.	500.000 Kr.	500.000 Kr.	500.000 Kr.	500.000 Kr.	500.000 Kr.	6.000.000 Kr.
<b>Höfundir/Starfs-Grindak</b>	800.000 Kr.	800.000 Kr.	800.000 Kr.	800.000 Kr.	800.000 Kr.	800.000 Kr.	800.000 Kr.	800.000 Kr.	800.000 Kr.	800.000 Kr.	800.000 Kr.	800.000 Kr.	9.600.000 Kr.
<b>SKV - KEFREK</b>	1.610.000 Kr.	1.610.000 Kr.	1.610.000 Kr.	1.610.000 Kr.	1.610.000 Kr.	1.610.000 Kr.	1.610.000 Kr.	1.610.000 Kr.	1.610.000 Kr.	1.610.000 Kr.	1.610.000 Kr.	1.610.000 Kr.	19.440.000 Kr.
<b>SKV - Grindak</b>	85.000 Kr.	85.000 Kr.	85.000 Kr.	85.000 Kr.	85.000 Kr.	85.000 Kr.	85.000 Kr.	85.000 Kr.	85.000 Kr.	85.000 Kr.	85.000 Kr.	85.000 Kr.	1.020.000 Kr.
<b>Starfs b.s. - umrýsla</b>	80.000 Kr.	80.000 Kr.	80.000 Kr.	80.000 Kr.	80.000 Kr.	80.000 Kr.	80.000 Kr.	80.000 Kr.	80.000 Kr.	80.000 Kr.	80.000 Kr.	80.000 Kr.	960.000 Kr.
<b>Kynniféttir</b>	2.150.000 Kr.	2.000.000 Kr.	1.900.000 Kr.	1.800.000 Kr.	1.700.000 Kr.	1.700.000 Kr.	1.700.000 Kr.	1.700.000 Kr.	1.800.000 Kr.	2.000.000 Kr.	2.200.000 Kr.	2.150.000 Kr.	23.000.000 Kr.
<b>Total</b>	6.122.900 Kr.	5.371.500 Kr.	5.771.500 Kr.	5.071.500 Kr.	5.571.500 Kr.	5.471.500 Kr.	5.571.500 Kr.	4.971.500 Kr.	5.671.500 Kr.	5.371.500 Kr.	6.071.500 Kr.	5.521.500 Kr.	66.071.500 Kr.

**SSV** – Rekstraráætlun sundurliðuð niður á mánuði. Gert er ráð fyrir 3% hækkun á vísitölu milli ára en það er svipuð hækkun og var milli 2012 og 2013. Erfitt hefur reynst að gera fjárhagsáætlanir fyrir verkefnið þar sem forsendur hafa breyst verulega frá því SSV tók verkefnið yfir. Stærsti forsendubresturinn er niðurfelling á afslættinum á olúgjaldinu sem breytir verulega rekstrargrundvelli verkefnisins og eins má nefna að framlög viðbótarsamningsins voru lækkuð á fjárlögum vegna ársins 2014.

## ALMENNINGSSAMGÖNGUR - REKSTRARÁÆTLUN

2014

TEKIUR	Jan	Feb	Mars	Apr	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Alls
Stykur frá Vegagerð ríkisins	5.262.000	5.262.000	5.262.000	5.262.000	5.262.000	5.262.000	5.262.000	5.262.000	5.262.000	5.262.000	5.262.000	5.262.000	63.144.000
Vegagerð-viðbótarframlag	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	26.508.000
Framlag FV	927.000	927.000	927.000	927.000	927.000	927.000	927.000	927.000	927.000	927.000	927.000	927.000	11.124.000
Framlag SSNV	998.000	998.000	998.000	998.000	998.000	998.000	998.000	998.000	998.000	998.000	998.000	998.000	11.976.000
Framlag SSNV-stubbaakstur	719.000	690.000	690.000	690.000	690.000	690.000	690.000	690.000	690.000	690.000	690.000	690.000	8.309.000
Framlag Eyþings	1.633.000	1.633.000	1.633.000	1.633.000	1.633.000	1.633.000	1.633.000	1.633.000	1.633.000	1.633.000	1.633.000	1.633.000	19.596.000
Framlag Akranesskaupstaðar	948.000	948.000	948.000	948.000	948.000	948.000	948.000	948.000	948.000	948.000	948.000	948.000	11.376.000
Fargjaldtekjur	14.600.000	12.000.000	11.500.000	11.000.000	12.000.000	14.000.000	20.000.000	19.000.000	13.000.000	14.000.000	12.000.000	10.000.000	163.100.000
<b>SAMTALS TEKIUR 2014</b>	<b>27.296.000</b>	<b>24.667.000</b>	<b>24.167.000</b>	<b>23.667.000</b>	<b>24.667.000</b>	<b>26.667.000</b>	<b>32.667.000</b>	<b>31.667.000</b>	<b>25.667.000</b>	<b>26.667.000</b>	<b>24.667.000</b>	<b>22.667.000</b>	<b>315.133.000</b>
<b>GIÖLD</b>													
Hópbílar	16.500.000	17.000.000	17.800.000	17.800.000	18.000.000	20.000.000	20.000.000	18.000.000	18.000.000	18.000.000	17.000.000	17.000.000	215.100.000
Hópbílar - ollugjald	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	12.000.000
Straetó	2.750.000	2.750.000	2.750.000	2.750.000	2.750.000	2.750.000	2.750.000	2.750.000	2.750.000	2.750.000	2.750.000	2.750.000	33.000.000
Sigurður Ingi Þorsteinsson	1.600.000	1.500.000	1.750.000	1.600.000	1.600.000	2.500.000	2.500.000	2.500.000	1.700.000	1.600.000	1.600.000	1.600.000	22.050.000
Hjalti Allan Sverrisson	1.300.000	1.200.000	1.300.000	1.300.000	1.300.000	2.200.000	2.200.000	2.200.000	1.300.000	1.300.000	1.300.000	1.500.000	18.400.000
Heiðar Kr. ehf.	434.000	414.000	414.000	414.000	414.000	414.000	414.000	414.000	414.000	414.000	414.000	414.000	4.988.000
Húnavirki	285.000	276.000	276.000	276.000	276.000	276.000	276.000	276.000	276.000	276.000	276.000	276.000	3.321.000
Aðrir vektakar	80.000	490.000	60.000										630.000
<b>SAMTALS GIÖLD 2014</b>	<b>23.949.000</b>	<b>24.630.000</b>	<b>25.350.000</b>	<b>25.140.000</b>	<b>25.340.000</b>	<b>29.140.000</b>	<b>29.140.000</b>	<b>27.140.000</b>	<b>25.440.000</b>	<b>25.340.000</b>	<b>24.340.000</b>	<b>24.540.000</b>	<b>309.489.000</b>
<b>HAGNAPUR/TAP 2014</b>	<b>3.347.000</b>	<b>37.000</b>	<b>-1.183.000</b>	<b>-1.473.000</b>	<b>-673.000</b>	<b>-2.473.000</b>	<b>3.527.000</b>	<b>4.527.000</b>	<b>227.000</b>	<b>1.327.000</b>	<b>327.000</b>	<b>-1.873.000</b>	<b>5.644.000</b>
<b>UPPSAFN. HAGN/TAP 2014</b>	<b>3.347.000</b>	<b>3.384.000</b>	<b>2.201.000</b>	<b>728.000</b>	<b>55.000</b>	<b>-2.418.000</b>	<b>1.109.000</b>	<b>5.636.000</b>	<b>5.863.000</b>	<b>7.190.000</b>	<b>7.517.000</b>	<b>5.644.000</b>	

## ALMENNINGSSAMGÖNGUR - REKSTRARÁÆTLUN

2015

TEKIUR	Jan	Feb	Mars	Apr	Mái	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Alls
Styrkur frá Vegagerð ríkisins	5.420.000	5.420.000	5.420.000	5.420.000	5.420.000	5.420.000	5.420.000	5.420.000	5.420.000	5.420.000	5.420.000	5.420.000	65.040.000
Vegagerð-viðbótarframlag	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	2.209.000	26.508.000
Framlag FV	954.810	954.810	954.810	954.810	954.810	954.810	954.810	954.810	954.810	954.810	954.810	954.810	11.457.720
Framlag SSNV	1.028.000	1.028.000	1.028.000	1.028.000	1.028.000	1.028.000	1.028.000	1.028.000	1.028.000	1.028.000	1.028.000	1.028.000	12.336.000
Framlag SSNV-stubbaakstur	710.000	710.000	710.000	710.000	710.000	710.000	710.000	710.000	710.000	710.000	710.000	710.000	8.520.000
Framlag Eyþings	1.682.000	1.682.000	1.682.000	1.682.000	1.682.000	1.682.000	1.682.000	1.682.000	1.682.000	1.682.000	1.682.000	1.682.000	20.184.000
Framlag Akraneskaupstaðar	980.000	980.000	980.000	980.000	980.000	980.000	980.000	980.000	980.000	980.000	980.000	980.000	11.760.000
Fargjaldtekjur	15.000.000	12.500.000	11.000.000	10.500.000	12.500.000	14.500.000	20.500.000	19.500.000	13.500.000	13.500.000	12.500.000	10.000.000	165.500.000
<b>SAMTALS TEKIUR 2015</b>	<b>27.983.810</b>	<b>25.483.810</b>	<b>23.983.810</b>	<b>23.483.810</b>	<b>25.483.810</b>	<b>27.483.810</b>	<b>33.483.810</b>	<b>32.483.810</b>	<b>26.483.810</b>	<b>26.483.810</b>	<b>25.483.810</b>	<b>22.983.810</b>	<b>321.305.720</b>

GJÖLD	Jan	Feb	Mars	Apr	Mái	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Alls
Hópbílar	17.000.000	17.500.000	18.500.000	18.500.000	18.500.000	20.500.000	20.500.000	18.500.000	18.500.000	18.500.000	18.500.000	17.500.000	222.500.000
Hópbílar-ollugjald	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	18.000.000
Strætó	2.850.000	2.850.000	2.850.000	2.850.000	2.850.000	2.850.000	2.850.000	2.850.000	2.850.000	2.850.000	2.850.000	2.850.000	34.200.000
Sigurður Ingi Þorsteinsson	1.650.000	1.550.000	1.650.000	1.650.000	1.650.000	2.600.000	2.600.000	2.600.000	1.750.000	1.650.000	1.650.000	1.650.000	22.650.000
Hjalti Allan Sverrisson	1.350.000	1.300.000	1.350.000	1.350.000	1.350.000	2.300.000	2.300.000	2.300.000	1.350.000	1.350.000	1.350.000	1.500.000	19.150.000
Heiðar Kr. e hf.	427.000	427.000	427.000	427.000	427.000	427.000	427.000	427.000	427.000	427.000	427.000	427.000	5.124.000
Húnavirki	283.000	283.000	283.000	283.000	283.000	283.000	283.000	283.000	283.000	283.000	283.000	283.000	3.396.000
Aðrir verktakar										360.000		100.000	460.000
<b>SAMTALS GJÖLD 2015</b>	<b>25.060.000</b>	<b>25.410.000</b>	<b>26.560.000</b>	<b>26.560.000</b>	<b>26.560.000</b>	<b>30.460.000</b>	<b>30.460.000</b>	<b>28.460.000</b>	<b>26.660.000</b>	<b>26.920.000</b>	<b>26.560.000</b>	<b>25.810.000</b>	<b>325.480.000</b>

HAGNAÐUR/TAP 2015	2.923.810	73.810	-2.576.190	-3.076.190	-1.076.190	-2.976.190	3.023.810	4.023.810	-176.190	-436.190	-1.076.190	-2.826.190	-4.174.280
UPPSAFN. HAGN/ TAP 2015	2.923.810	2.997.620	421.430	-2.654.760	-3.730.950	-6.707.140	-3.683.330	340.480	164.290	-271.900	-1.348.090	-4.174.280	

UPPSAFN. HAGN/TAP 2014-15	8.567.810	8.641.620	6.065.430	2.989.240	1.913.050	-1.063.140	1.960.670	5.984.480	5.808.290	5.372.100	4.295.910	1.469.720	
---------------------------	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------	------------	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------	--

**FV** – Áætlað er að ferðaáætlunin í apríl 2014 verði áfram næstu tvö árin enda eru samningar í gangi og gilda þeir til ársins 2018.

Hérna að neðan er áætlaður kostnaður vegna þeirra leiða sem FV áætla að halda uppi næstu tvö ár. Tvær af þessum leiðum eru ekki í keyrslu í apríl 2014 og er það Hólmavík Ísafjörður-Hólmavík og leiðin Patreksfjörður-Brjánslækur-Patreksfjörður en eru báðar leiðirnar í skoðun með það í huga að þær verði á áætlun sumarið 2014 ef fjármagn leyfir. Innskot: Akstur var á þessum tveim leiðum í ágúst 2014

	2014	2015
<b>Framlög Vegagerðar</b>	25.696.637	26.061.530
<b>Leiðir</b>		
Ekna leiðir einkaleyfi á Vestfjörðum	13.952.765	14.148.105
Hólmavík - Búðardalur	3.552.607	3.603.054
Leið 57, Reykjavík - Akureyri	7.526.335	7.631.704
<b>Samtals</b>	<b>25.031.707</b>	<b>25.382.863</b>
Mismunur	664.930	678.667
<b>Framlög Vegagerðar v. þróunarsamnings</b>	3.250.000	3.250.000
<b>Rekstur FV v. almenningssamgangna</b>	1.500.000	1.500.000
<b>Þróunarverkefni</b>	1.750.000	1.750.000
<b>Mismunur</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

Hækkun á milli árana 2014 og 2015 er miðuð út frá hækkun á vísitölum dísilólíu, neysliverðsvísitölu og launavísitölu og er áætlað að hækkun næsta árs verði svipuð og á milli tímabilsins janúar 2013 og janúar 2014 eða um 1,4%. Er gert ráð fyrir þeirri hækkun í öllum samningum fyrir utan samninginn Hólmavík-Reykjavík. Í þeim samningi var hækkunin á milli ársins 2013 og 2014 um 0,7% og er sú hækkun einnig sett á milli árana 2014 og 2015.

#### **SSNV** –

**Eyþing** – Í meðfylgjandi áætlun er að finna rauntölur fyrir árið 2013 og áætlun fyrir árin 2014-2017. Vakin er athygli á liðnum SSV vegna tekna af leið 57 en tekjur eru aðeins settar inn fyrir árið 2014 þó að Eyþing telji sig eiga að fá þessar tekjur öll árin að meðtöldu árinu 2013. Áætlanir Strætó bs. gerðu ráð fyrir 13,6 mkr. hlut Eyþings í tekjum af leiðinni á árinu 2013.

Rétt er einnig að vekja athygli á að Eyþing hefur ekki getað staðið við þjónustusamning við Strætó bs. frá 1. júlí 2013. Fyrir liggur af hálfu Strætó að ekki verður haldið áfram á þeirri braut. Þá virðist orðið ljóst að Eyþingi beri að greiða verktakanum sem svarar endurgreiðslu olíugjalds en jafnframt ljóst að þann viðbótarkostnað hefur Eyþing engin tök á að greiða miðað við fjárhagsstöðu verkefnisins. Eins og sjá má í áætluninni vantar mikið á að grundvöllur sé fyrir áframhaldandi rekstri.

SSA – Eyþing	Rekstur strætó 2013 og áætlun fyrir 2014-2017	6.5.2014				
		Rauntölur og áætlun 2013.	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017
	Greitt fyrir akstur vagna	116.024.493	95.000.000	95.000.000	95.000.000	95.000.000
	Reikningur vegna olíugjalds	7.183.943	4.640.000	4.640.000	4.640.000	4.640.000
	Þjónusta Strætó	16.500.855	11.500.000	11.500.000	11.500.000	11.500.000
	Fargjaldtekjur	-29.049.059	-29.000.000	-29.000.000	-29.000.000	-29.000.000
	Framlag Vegagerðarinnar	-43.335.042	-44.600.000	-44.600.000	-44.600.000	-44.600.000
	Próunarstyrkur	-3.250.000	-3.347.000	-3.347.000	-3.347.000	-3.347.000
	Hlutdeild frá SSA	-6.228.323	-6.400.000	-6.400.000	-6.400.000	-6.400.000
	SSV vegna tekna af leið 57	0	-13.000.000	0	0	0
	Leiðrétt framlag	-5.000.000	-5.150.000	-5.150.000	-5.150.000	-5.150.000
	(-hagnaður) / tap	52.846.867	9.643.000	22.643.000	22.643.000	22.643.000
	Greitt fyrir akstur á ferjuleiðum og Grv.	3.432.000				
	Tekjur af Grímseyjarferjuleið	-712.250				
	Tekjur af Hríseyjarferjuleið	-56.400				
	Tekjur af Grenivíkurlíð	-316.400				
	Tekjur af afsláttarmiðum	-91.000				
	Tap	2.255.950				
	Samtals tap ársins 2013	55.102.817				

Hér hefur ekki við gert ráð fyrir kostnaði Eyþings vegna vinnu starfsmanns, stjórnarmanna, nefndarmanna og aðkeyptri þjónustu vegna þróunar þessa verkefnis.

2014:

Rekstartekjur	jan	feb	mars	apr	maí	júní	júl	ágúst	sept	okt	nóv	des	
Vegagerð Ríkisins	4.208.333	4.208.333	4.208.333	4.208.333	4.208.333	4.208.333	4.208.333	4.208.333	4.208.333	4.208.333	4.208.333	4.208.333	50.500.000
SSA													-
Farþegatekjur													-
<b>Samtals</b>	<b>4.208.333</b>	<b>4.208.333</b>	<b>4.208.333</b>	<b>4.208.333</b>	<b>4.208.333</b>	<b>4.208.333</b>	<b>4.208.333</b>	<b>4.208.333</b>	<b>4.208.333</b>	<b>4.208.333</b>	<b>4.208.333</b>	<b>4.208.333</b>	<b>50.500.000</b>
<b>Rekstargjöld</b>													
Sveitarfélög	2.900.000	2.900.000	2.900.000	2.900.000	2.900.000	2.900.000	2.900.000	2.900.000	2.900.000	2.900.000	2.900.000	2.900.000	34.800.000
Eyþing/SBA	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	6.050.000
Hópbílar Akureyrar													-
Sérfræðikostnaður	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	1.848.000
Vaxtagjöld													-
rekstur													-
Lögmannskostn/Lögbannsmál				1.500.000									1.500.000
Kynning		250.000			250.000								500.000
Tæknibúnaður/þróunarkostnað	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	1.100.000
Annar kostnaður													-
SSA													-
Tap 2013	4.040.180												-
<b>Samtals</b>	<b>7.758.180</b>	<b>3.968.000</b>	<b>3.718.000</b>	<b>5.218.000</b>	<b>3.968.000</b>	<b>3.718.000</b>	<b>3.718.000</b>	<b>3.718.000</b>	<b>3.718.000</b>	<b>3.718.000</b>	<b>3.718.000</b>	<b>3.718.000</b>	<b>50.656.180</b>
<b>Mismunur</b>	<b>- 3.549.847</b>	<b>240.333</b>	<b>490.333</b>	<b>- 1.009.667</b>	<b>240.333</b>	<b>490.333</b>	<b>490.333</b>	<b>490.333</b>	<b>490.333</b>	<b>490.333</b>	<b>490.333</b>	<b>490.333</b>	<b>- 156.180</b>

2015:

Rekstartekjur	jan	feb	mars	apr	maí	júní	júl	ágúst	sept	okt	nóv	des	
Vegagerð Ríkisins	4.420.000	4.420.000	4.420.000	4.420.000	4.420.000	4.420.000	4.420.000	4.420.000	4.420.000	4.420.000	4.420.000	4.420.000	53.040.000
SSA													-
Farþegatekjur													-
<b>Samtals</b>	<b>4.420.000</b>	<b>4.420.000</b>	<b>4.420.000</b>	<b>4.420.000</b>	<b>4.420.000</b>	<b>4.420.000</b>	<b>4.420.000</b>	<b>4.420.000</b>	<b>4.420.000</b>	<b>4.420.000</b>	<b>4.420.000</b>	<b>4.420.000</b>	<b>53.040.000</b>
<b>Rekstargjöld</b>													
Sveitarfélög	3.100.000	3.100.000	3.100.000	3.100.000	3.100.000	3.100.000	3.100.000	3.100.000	3.100.000	3.100.000	3.100.000	3.100.000	37.200.000
Eyþing/SBA	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	550.000	6.050.000
*Djúpavogur - Breiðdv.	150.000	150.000	150.000	150.000	150.000	150.000	150.000	150.000	150.000	150.000	150.000	150.000	1.650.000
*Vopnafjörður-Ak/Egils	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	2.200.000
Sérfræðikostnaður	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	168.000	1.848.000
Vaxtagjöld													-
rekstur													-
Lögmannskostn/Lögbannsmál													-
Kynning		250.000			250.000		250.000		250.000		250.000		1.250.000
Tæknibúnaður/þróunarkostnað	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	1.100.000
Annar kostnaður	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	550.000
SSA													-
<b>Samtals</b>	<b>4.318.000</b>	<b>4.568.000</b>	<b>4.318.000</b>	<b>4.318.000</b>	<b>4.568.000</b>	<b>4.318.000</b>	<b>4.568.000</b>	<b>4.318.000</b>	<b>4.568.000</b>	<b>4.318.000</b>	<b>4.568.000</b>	<b>4.318.000</b>	<b>53.066.000</b>
<b>Mismunur</b>	<b>102.000</b>	<b>- 148.000</b>	<b>102.000</b>	<b>102.000</b>	<b>- 148.000</b>	<b>102.000</b>	<b>- 148.000</b>	<b>102.000</b>	<b>- 148.000</b>	<b>102.000</b>	<b>- 148.000</b>	<b>102.000</b>	<b>- 26.000</b>

\* Gert er ráð fyrir að svigum sé til þess að setja inn nýjar akstursleiðir í ársbyrjun 2015 þegar þróun kerfisins er orðin öflugri og rekstur gerir ráð fyrir afgangi til frekari framþróunar og tengingar við allan fjórðunginn.

**SASS** – Hér fyrir neðan er rekstraráætlun almenningssamgangna fyrir árið 2014. Gert er áfram ráð fyrir að reksturinn standi undir sér án frekari framlaga frá sveitarfélögum. Ef



afkoma verður jákvæð má reikna með að framlög sveitarfélaga sem fengið hafa aukna þjónustu muni lækka að sama skapi ef og þegar óvissu verður eytt um yfirvofandi dómsmál. Ekki liggur fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2015 en reikna má með að þjónusta verði aukin ef heldur fram sem horfir.

<b>ALMENNINGSAMGÖNGUR</b>	
<b>TEKJUR</b>	
Vegagerðin	122.000.000
Fargjöld	110.000.000
FSu	26.000.000
Sveitarfélög - sérstök framlög	24.500.000
Aðrar tekjur	
<b>SAMTALS TEKJUR</b>	<b>282.500.000</b>
<b>GJÖLD</b>	
Greiddur akstur	240.000.000
Þjónusta Strætó	28.000.000
Sérfræðiaðstoð ofl.	4.000.000
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	5.500.000
Aukin akstursþjónusta	
Annar kostnaður	5.000.000
<b>SAMTALS GJÖLD</b>	<b>282.500.000</b>

Eins og fram kemur í liðum 1 og 2 þá greiða nokkur sveitarfélög um 20 mkr. vegna aukinnar þjónustu sem viðkomandi sveitarfélög hafa fengið. Um er að ræða Sveitarfélagið Árborg vegna yfirtöku SASS á Árborgarstrætó og sveitarfélögin í Rangárvallarsýslu og Sveitarfélagið Ölfus vegna aukinnar þjónustu í tengslum við opnum skólaakstursins. Þá hefur verið gerður samningur undanfarin tvö ár við fyrirtækið Reykjavík Excursions - Kynnisferðir vegna reglubundinna ferða fyrirtækisins um svæðið.

## Akstursleiðir og tíðni ferða

**SSS** – Akstursleiðir sem SSS hefur umsjón með eru eftirfarandi:

<b>REX:</b>	Reykjanesbær-Reykjavík, <b>ferðafjöldi:</b> 2.166
<b>FLE:</b>	Reykjanesbær Flugstöð Leifs Eiríkssonar-Reykjanesbær, <b>ferðafjöldi:</b> 7.758
<b>GRI:</b>	Reykjavík-Grindavík-Reykjavík, <b>ferðafjöldi:</b> 1.091
<b>S400:</b>	Reykjanesbær-Garður-Sandgerði, <b>ferðafjöldi:</b> 591
<b>S500:</b>	Vogar-Reykjanesbraut, <b>ferðafjöldi:</b> vantar

**SSV** – Akstursleiðir sem SSV hefur umsjón með eru eftirfarandi:

<b>Leið 57:</b>	Akureyri-Sauðárkrókur-Blönduós-Borgarnes-Akranes-Háholt-Reykjavík, <b>ferðafjöldi:</b> Reykjavík-Akureyri 692, Reykjavík-Akranes: 1.492, Reykjavík-Borgarnes: 1.664.
<b>Leið 58:</b>	Stykkishólmur-Borgarnes, <b>ferðafjöldi:</b> 692
<b>Leið 59:</b>	Borgarnes-Búðardalur-Hólmavík, <b>ferðafjöldi:</b> Borgarnes-Búðardalur: 180 (einungis yfir vetrartímann), Borgarnes-Hólmavík: 312.
<b>Leið 81:</b>	Borgarnes-Reykholt, <b>ferðafjöldi:</b> 260
<b>Leið 82:</b>	Arnarstapi-Hellissandur-Grundarfjörður-Stykkishólmur, <b>ferðafjöldi:</b> 692
<b>Leið 83:</b>	Hvammstangi-Hvammstangavegur, <b>ferðafjöldi:</b> 1.384. Pantá þarf tveimur tímum fyrir brottför.
<b>Leið 84:</b>	Skagaströnd-Blönduós, <b>ferðafjöldi:</b> 1.056. Pantá þarf tveimur tímum fyrir brottför.

**FV** – Akstursleiðir sem FV hefur umsjón með eru eftirfarandi:

**Bolungarvík-Ísafjörður, ferðafjöldi:** 1.100

**Bolungarvík-Ísafjarðarflugvöllur, ferðafjöldi:** 760

**Ísafjörður-Súðavík, ferðafjöldi:** Hægt er að pantá ferð á milli Súðavíkur og Ísafjarðar tvisvar á dag á virkum dögum en pantá þarf með tveggja tíma fyrirvara. Lítil sem engin eftirspurn hefur verið á þessum ferðum það sem af er ársins 2014.

Annar rekstraraðili ók eftir sama fyrirkomulagi vorið 2013 á milli Ísafjarðar og Súðavíkur frá lokum janúar til loka maí 2014. Pantaðar ferðir voru 15 í febrúar og 12 í mars, engar ferðir í apríl eða maí.

**Patreksfjörður-Tálknafjörður-Bíldudalur (flugvöllur):** ferðafjöldi: 300

**Ísafjörður-Brjánslækur-Patreksfjörður:** ferðafjöldi: FV ákvað á árinu 2013 að bjóða ekki út akstur á leiðinni Ísafjörður-Patreksfjörður enda ekki hægt að bjóða upp á heilsársakstur þar. FV lét gera úttekt á akstri á þessari leið miðað við að byggja upp þjónustu við almenning en niðurstaða var að verulega aukna styrki yrði að fá til verkefnisins. Ákveðið er að bíða með aðgerðir á þessari leið þar til nalgast opnun Dýrafjarðarganga, haustið 2018 eða vorið 2019. Hins vegar var tekin sú ákvörðun að skoða ferðir á milli Brjánslækjar og Patreksfjarðar og nýta uppsafnaðan rekstrarafgang síðustu ára auk fjármuna samkvæmt þróunarsamningi til að styðja við þróunarsamning á þessari leið. Með því að FV styrkti þetta verkefni væru tryggðar ferðir sex til sjö sinnum í viku eftir árstíma á milli Brjánslækjar og Patreksfjarðar í tengslum við áætlun ferjunnar Baldurs.

**Hólmavík-Ísafjörður:** ferðafjöldi: Sérleyfi er á milli Hólmavíkur og Ísafjarðar og samningsfjárhæð þeirrar leiðar á meðan Vegagerðin var með verkefnið miðaðist við akstur yfir sumartímann. Í samvinnu við Strætó bs. var kannað með forsendur fyrir akstri í tengslum við akstur frá Reykjavík í Dali og Hólmavík og áfram til Ísafjarðar. Mögulegt væri að koma á þróunarverkefni með aðila sem æki á milli Ísafjarðar og Hólmavíkur í tengslum við áætlun Strætó bs. tvisvar í viku (föstudag og sunnudag) ef hægt væri að tryggja akstursaðila einkaleyfi sem gæfi honum færi á að aka leiðina á öðrum tímum sérstaklega yfir sumarið. Niðurstaða dómsmáls Sterna gegn SSA setur slíkt í algjöra óvissu um gildi einkaleyfis og því hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um að bjóða þessa leið út sumarið 2014 en það er það í skoðun. (Þessi leið var ekin sem tilraunaverkefni í ágúst 2014)

**SSNV** – Akstursleiðir sem SSNV hefur umsjón með eru eftirfarandi:

**Leið 85:** Hofsós-Hólar-Sauðárkrókur, ferðafjöldi: 624. Panta þarf tveimur tímum fyrir brottför.

**Eyþing** – Akstursleiðir sem Eyþing hefur umsjón með eru eftirfarandi:

- Leið 56:** Akureyri-Reynihlíð-Egilsstaðir, **ferðafjöldi:** Akureyri-Reynihlíð: 328, Akureyri-Egilsstaðir: 244
- Leið 78:** Akureyri-Dalvík-Ólafsfjörður-Siglufjörður, **ferðafjöldi:** 384
- Leið 79:** Akureyri-Húsavík-Þórshöfn, **ferðafjöldi,** Akureyri-Húsavík: 896, Húsavík-Þórshöfn: 192. Þanta þarf fjórum tímum fyrir áætlun ferðina milli Húsavíkur og Þórshafnar.

**SSA** – Akstursleiðir sem SSA hefur umsjón með eru eftirfarandi,

- Norðfjörður-Egilsstaðir, **ferðafjöldi:** Egilsstaðir-Norðfjörður: 572, Reyðarfjörður-Norðfjörður: 520, Alcoa-Norðfjörður: 884, Egilsstaðir-Alcoa: 572
- Breiðdalsvík-Stöðvarfjörður-Reyðarfjörður, **ferðafjöldi:** 988
- Borgarfjörður-Egilsstaðir, **ferðafjöldi:** 260
- Seyðisfjörður-Egilsstaðir, **ferðafjöldi:** 832
- Djúpivogur-Höfn (Árnesflugvöllur), **ferðafjöldi:** 260
- Höfn-Egilsstaðir (ekið sumarið 2012), farþegaupplýsingar fengust ekki.
- Skólaakstur Fjarðabyggðar-Verkmenntaskóli Austurlands
- Íþróttakstur Fjarðabyggðar-þéttbýliskjarnar að Fjarðabyggðarhöll, Reyðarfirði

**SASS** – Akstursleiðir sem SASS hefur umsjón með eru eftirfarandi:

- Leið 51:** Reykjavík-Hveragerði-Selfoss-Hvolsvöllur-Vík-Skaftafell-Höfn, **ferðafjöldi:** Selfoss-Reykjavík: 3.876, Hvolsvöllur-Selfoss: 2.044, Vík-Selfoss: 440, Höfn-Selfoss: 332
- Leið 52:** Reykjavík-Hveragerði-Selfoss-Hella-Hvolsvöllur-Landeyjahöfn, **ferðafjöldi:** 1.092
- Leið 53:** Reykjavík-Þorlákshöfn, **ferðafjöldi:** 520
- Leið 72:** Selfoss-Borg-Reykholt-Flúðir-Selfoss, **ferðafjöldi:** 728
- Leið 73:** Selfoss-Flúðir-Reykholt-Laugarvatn-Grímsnes-Selfoss, **ferðafjöldi:** 728
- Leið 74:** Selfoss-Stokkseyri-Eyrabakki-Þorlákshöfn, **ferðafjöldi:** 1.300
- Leið 75:** Selfoss-Stokkseyri-Eyrabakki-Selfoss, **ferðafjöldi:** 780

**Leið 76:** Árnes-gatnamót Skeiðavegs og Þjórsárdalsvegur, tengist þar leiðum 72/73, **ferðafjöldi:** 520

Yfir sumartímam er fjöldi ferða á viku samtals 245 en 220 á veturna. Fleiri ferðir eru þó í raun yfir veturna vegna ferða Herjólfis til Þorlákshafnar þegar ekki er siglt til Landeyjahafnar. Stefnt er að fjölgun ferða til Hafnar í Hornafirði næsta haust í ljósi betri afkomu og meiri eftirspurnar.

## Farþegafjöldi

Hér fyrir neðan er sundurliðaður farþegafjöldi á hverri leið fyrir sig eins og þær voru eknar á árinu 2013. Miklar breytingar hafa orðið á leiðarkerfunum eftir að landsamtökin tóku við umsjón þeirra. Leiðunum hefur verið breytt og þær aðlagðar þörfum íbúa. Þessar breytingar hafa leitt að sér af farþegum hefur fjölgað til muna á flestum leiðum. En í heildina fjölgaði farþegum um 13% milli ára 2012 og 2013 og um 38%, 2013 og 2014. Fyrir neðan eru allar töflurnar og aftar er tölfræðin myndræn fyrir árið 2011-2013.

### SSS

Leiðir	2012	2013
REX Reykjanesbær-Reykjavík	40.828	68.217
FLE Leifsstöð-Reykjavík	346.156	415.076
GRI Grindavík-Reykjavík	1.504	1.718
S400 Reykjanesbær-Garður-Sandgerði	6.948	8.265
S500 Vogar - Reykjanesbraut	1.912	3.389

### SSV

Leiðir	2012	2013
Leið 57	41.000	128.497
Leið 58*	3.642	5.948
Leið 59	978	2.181
Leið 81	256	840
Leið 82	331	2.057
Leið 83**		998
Leið 84**		1.403

\*Leið 82 er inni leið 58 í 2012 tölum fram til 1. sept

\*\*ekki haldið sérstaklega utan um fyrir 2013

### FV

Leiðir	2012	2013
Bolungarvík-Ísafjörður	5.389	5.236
Bolungarvík-Ísafjarðarflugvöllur	2.233	2.082
Flugrúta-Bíldudalur-Patreksfjörður	612	831

### SSNV

Leiðir	2012	2013
Leið 85		

**Eyþing**

Leiðir	2012	2013
Leið 56	6.102	6.316
Leið 78 (A-D / D-Ó / Ó-S)	5.045 / 1.456 / 560	5.954
Leið 79 (A-H / H-Þ)	4.594 / 529	6.396

**SSA**

Leiðir	2012	2013
Norðfjörður-Egilsstaðir	6.422	6.957
Breiðdalsvík-Reyðarfjörður	10.722	11.655
Borgarfjörður-Egilsstaðir	659	662
Seyðisfjörður-Egilsstaðir	2.753	3.629
Höfn-Djúpivogur	260	319

**SASS** – Á síðasta ári voru farþegar rúmlega 187 þúsund, þar af voru farþegar á leið 51 um helmingur. Um 43 þúsund farþegar ferðuðust á leið 52 sem nær að Landeyjahöfn. Ekki má þó draga þá ályktun að allir farþegarnir hafi farið þangað heldur hafa þeir farið úr eða í vagna á ýmsum stöðum á leiðinni. Mun færri farþegar eru á öðrum stöðum. Leiðarkerfið breyttist þó nokkuð í september 2012 bæði bættust við leiðir og leiðir gerðar að tveimur, sjá skýringar undir töflunni.

Leiðir	2012		2013
Leið 51*	78.600	39.984	112.501
Leið 52		9.514	42.493
Leið 53**			379
Leið 71***		16	32
Leið 72*	1.111	3.712	5.901
Leið 73*		2.988	6.249
Leið 74****		5.814	14.182
Leið 75****		2.153	5.688


\* Leið 51 / 52 og 72/73 eknar saman janúar-ágúst 2012

\*\* Leið 53 einungis sept.-des. 2013

\*\*\* Leið 71 ekin jan.-ágúst 2013


\*\*\*\* Leiðir 74 og 75 eknar frá sept. 2012

Súlurititín hérna fyrir neðan sýna myndrænt breytinguna milli ára 2011-2013 á flestum leiðum innan kerfisins. Á sumum leiðum vantar inn 2011 en þar hefur leiðin breyst til muna eða tölfræðin verið sundurliðuð niður á leggi, sumar tölurnar þar eru mögulega ekki alveg sambærilegar sökum breytinga. Efri myndin sýnir stóru leiðirnar fjórar en sú neðri hinar leiðirnar.



\* Reykjavík-Höfn 2011 – tölfræðin var öll sundurliðuð niður á leggi og því ekki hægt að bera saman.





## Viðhorf notenda til þjónustunnar

**SSS** – Ekki gafst tími til að vinna þjónustukönnun meðal vegfarenda.

**SSV** – SSV hefur gert íbúakannanir á u.þ.b. þriggja ára fresti undanfarin ár og var það gert síðast 2013. Er þar spurt um ýmsa þætti varðandi stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi. Þátttakendur voru m.a. beðnir að meta stöðu almenningssamgangna í þeirra byggðarlagi og í framhaldinu um mikilvægi almenningssamgangna varðandi áframhaldandi búsetu í byggðarlaginu. Í skýrslunni eru bornar saman niðurstöður könnunar 2013 og 2010 og kemur þá fram að besta þróunin milli kannana var í almenningssamgöngum. Skýrslan er á vef SSV ([www.ssv.is](http://www.ssv.is)).

Einnig er hægt að benda á skýrsluna: *Umhverfislegur ávinningur af strætóferðum á Vesturlandi 2013 – reynsla eftir fyrsta rekstrarár sem unnin var af UMÍS ehf-Environice í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi með fjárstuðningi frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar*. Í skýrslunni eru niðurstöður könnunar hjá notendum Strætó á Vesturlandi en þar koma fram ýmsar upplýsingar varðandi viðhorf notenda til þjónustu almenningssamgangna. [http://environice.is/Files/Skra\\_0066461.pdf](http://environice.is/Files/Skra_0066461.pdf)

**FV** – Könnunin var framkvæmd með netkönnun dagana 24. til 28. apríl 2014. Notast var við úrtak úr öllum íbúum Vestfjarða 18 ára. Kynningarbréf var sent á íbúa Vestfjarða 18 ára og eldri eða 463 netföng og óskað eftir þátttöku í könnuninni. Alls svöruðu 220 manns könnuninni eða 47,5%. Spurt var eftir sveitarfélögum hverjir noti almenningssamgöngur og voru 38,8% íbúa Vestfjarða sem nota þær. Flestir sem nota samgöngurnar gera það vegna vinnu eða þjónustu en færri nefndu tómstundir eða nám. Flestir íbúar eru hlynntir því að fjölga þurfi leiðum á svæðinu sem myndi auka líkur á notkun. Sérstök athygli var á því að fleiri íbúar telja almenningssamgöngur mikilvægar heldur en nota þær í raun.

**SSNV** –

**Eyþing** – Almennt virðist ánægja með þjónustuna. Áhersla hefur verið á að skipuleggja ferðir innan svæðis út frá skóla- og vinnusókn. Ánægja virðist þó mest með tengingar milli landshluta, þ.e. leiðir 56 og 57. Meðal annars er mikil ánægja með tengingu milli Sauðárkróks og Akureyrar sem komið var á með leið 57.

Óánægju virðist einkum gæta hjá íbúum og ferðapjónustuaðilum í Grímsey og Hrísey þar sem ferðir strætó eru ekki tengdar áætlunum ferjanna. Gerð var tilraun sumarið 2013 með ferðir sem tengdust ferjunum sérstaklega en sú tilraun jók enn á hallarekstur Eyþings. Í núverandi stöðu hefur Eyþing engan möguleika á að veita þessa þjónustu og því í höndum rekstraraðila ferjanna að leita leiða til að bæta þjónustu við farþega sína.

Mjög fáir notendur hafa fjárfest í tímabilskortum, sem aftur segir að tiltölulega lítið traust ríkir gagnvart þjónustunni. Margar ferðir féllu niður síðastliðinn vetur vegna veðurs og hefur það ekki aukið álit almennings á þjónustunni.

**SSA** – Til stóð að framkvæma þjónustukönnun í júlí – september 2014.

Flestir sem nýta sér þjónustu SVAust ferðast milli staða vegna vinnu, skóla eða íþróttaiðkunar. Einnig er aksturinn ætlaður fyrir stakar ferðir íbúa og ferðamanna. Á árinu 2013 voru keyptir u.þ.b. 2.800 mánuðir, í lang flestum tilvikum mánaðarmiði. Þar af keyptu launagreiðendur 80% af öllum seldum mánuðum (sjá mynd). Af þeim mánuðum sem einstaklingar og framhaldsskólanemendur keyptu var skiptingin 20% einstaklingar og 80% framhaldsskólanemendur.

**SASS** – Óhætt er að segja að viðhorf notenda til þjónustunnar á Suðurlandi virðist vera afskaplega gott enda hefur farþegafjöldinn margfaldast á svæðinu. Töluvert margir íbúar fjárfesta í tímabilskortum sem sýnir að traust ríkir gagnvart þjónustunni. Mjög fáar kvartanir berast vegna þjónustunnar á Suðurlandi.

## Önnur atriði sem skipta máli í framkvæmd verkefnisins. Bæði það sem vel hefur tekist og það sem miður hefur farið.

**SSS** – Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum rekur almenningssamgangnakerfið sitt á útboði sem gert var á sínum tíma af Vegagerðinni. Samið var um greiðslur til handa verktaka og yfirumsjón hans með verkefninu. Það fyrirkomulag hefur gegnið en þegar litið er til baka hefði það verið farsælli kostur að semja við verktaka um akstur en skipulagning og annað væri í höndum Sambandsins. Það að fækka ferðum eða fjölga hefur reynst mjög dýrt. Ekki var gegnið frá því í upphafi að hafa eina heimsíðu með tímatöflum, þar sem um mismundi akstursaðila er að ræða. Það hefur aukið flækjustig og hafa notendur kvartað undan því hversu erfitt er að finna upplýsingar, sem og hvernig hægt er að koma sér á milli staða á Reykjanesinu.

Þeim sem nota kerfið hefur fjölgað mjög. Sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa sett upp íþróttæfingar sem miðast við aksturstímatöflu. Það hefur mælst vel fyrir og þetta fyrirkomulag hefur orðið til þess að t.d. Garður og Sandgerði eru með sameignlegar fótboltaæfingar. Strætisvagnaskýli hafa verið sett upp í öllum sveitarfélögum og við biðstöðvar við Reykjanesbraut. Sveitarfélagið Vogar hefur lagt göngustíg upp að gatnamótum og því gefst notendum kostur á því að hjóla, ganga eða taka Vogastrætó. Ferðatíðni milli Reykjanesbæjar og Reykjavíkur er góð og hafa fjármunir sem komu til SSS vegna samnings um almenningssamgöngur milli ráðuneytisins og höfuðborgarsvæðisins komið sér vel. Án þess fjármagns hefði ekki verið hægt að halda úti jafn tíðum ferðum eins og nú eru í boði.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum bauð út aksturinn að nýju árið 2013 en sú vegferð einkenndist af kærnum. Var SSS kært til kærunefndar útboðsmála en þar var kærinni vísað frá. Næst var þá kvartað til Samkeppniseftirlitsins vegna samnings SSS og Vegagerðarinnar sem fól í sér einkaleyfi á akstri m.a. milli FLE og höfuðborgarsvæðisins. Var niðurstaðan sú að ráðherra felldi niður einkaleyfi SSS á þessari leið. Auglýst útboð var því ekki lengur eins og það hafi verið lagt upp með og því ekki hægt að ganga til samninga við lægst bjóðanda. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur nú leitað réttar síns fyrir dómstólum og verður málið tekið fyrir á þeim vettvangi á næstu vikum. Kostnaður við lögfræðipjónustu vegna þess hleypur á tugum milljóna króna.

Farið var af stað með nýtt útboð og var gert ráð fyrir því að opna það 1. október 2014. Útboðið er unnið í samstarfi við Strætó bs. og er sambærilegt við aðra samninga sem landshlutasamtökin hafa gerð við Strætó. Ákveðið var að nota heimild til samningskaupa í þessu ferli. Miklar væntingar eru bundnar við nýtt kerfi og verður afar áhugavert að sjá niðurstöðu útboðsins.

Mikilvægt er að Vegagerðin fái heimildir til að grípa til aðgerða ef akstursaðilar verða uppvísir að því að aka án þess að hafa samning við landshlutasamtökin. Hefur það gerst ítrekað og með öllu óþolandi að ekki sé hægt að grípa til varna vegna þess hversu lélegt regluverkið er. Nauðsynlegt er því að setja skýrari ákvæði í lög um einkarétt sveitarfélagnanna.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa sett sér markmið um að samþætta skólaakstur við almenningssamgöngur og verður það verkefni haustsins. Vonandi má hefja nýja árið með nýjum tímatöflum og bættri þjónustu við íbúa og alla aðra sem nýta sér þennan samgöngumáta.

## **SSV –**

### **Það sem vel hefur tekist til með**

Farþegafjöldi og farþegatekjur eru yfir væntingum. Kerfið er gott og notendur hafa lýst yfir ánægju með það. Það væri mikil afturför að hverfa aftur til fyrra fyrirkomulags, þó að það hafi verið vissir byrjunarörðugleikar þá er kerfið í sífelldri þróun og aðlögun til að koma til móts við þarfir notenda.

### **Það sem miður hefur farið**

Eins og sést á rekstraryfirlitum þá var mikið tap á fyrstu mánuðum eftir að strætó-kerfið var tekið í notkun (1.9.2012-31.12.2012). Ýmsar ástæður liggja þar að baki. Breytingar sem þurfti að gera á leiðakerfi strax í nóvember 2012 voru dýrar og einnig var brugðist við kvörtunum vegna leiðakerfis m.a. með viðbótarferðum, þannig að aksturskostnaður fór töluvert yfir áætlun. Enn fremur eru líkur á að tekjur hafi ekki skilað sér Má í því sambandi vísa til fjölda farþega fjóra síðustu mánuði ársins 2012 og fyrstu fjóra mánuði ársins 2013 og farþegatekna sama tímabils.

Það tók íbúa tíma að átta sig á nýju kerfi og möguleikum þess. Slæmt veðurfar hafði áhrif á ferðamannastraum á Vesturlandi, léleg nýting á almenningssamgöngum sumarið 2013 og of

miklar væntingar gerðar til eftirspurnar, sérstaklega á Snæfellsnesi og í uppsveitum Borgarfjarðar.

Sterna hefur með akstri sínum tekið af farþega, óljóst hversu mikið en ekki í stórum stíl. Úrræðaleysi IRR til að stöðva aksturinn, þannig að einkaleyfið sem samningar við ríkisvaldið byggðust á haldi, er mjög bagalegt þar sem fyrirtæki eru að keyra áætlunarleiðir yfir tekjuhæsta tímabilið og því að rýra möguleika strætó-kerfisins á því að greiða upp tap sem óhjákvæmilega myndast yfir vetrarmánuðina.

Afsláttur á olúgjaldi til almenningssamgangna var lækkaður árið 2013 og var aukinn kostnaður vegna þess 6 milljónir. Frekari lækkun á niðurgreiðslu mun kosta u.þ.b. 12 milljónir 2014 og 18 milljónir 2015 þegar afslátturinn hefur að fullu verið afnuminn. Ljóst er að lækkun á afslætti á olúgjaldinu breytir forsendum mikið.

**FV** – Verkefnið efling almenningssamgangna á Vestfjörðum hefur gengið vel að mati Fjórðungssambands Vestfirðinga. En betur má ef duga skal því bæta þarf við leiðum um Vestfirði þannig að hægt sé að tengja fjórðunginn saman með almenningssamgöngum og ljóst að verulegt aukið fjármagn þarf til þess verkefnis.

Líklegt má telja að þegar Dýrafjarðargöng verða tilbúin verði hægt að koma á fleiri ferðum sem tryggja það að hægt sé að ferðast hringinn á Vestfjörðum jafnvel árið um kring.

Einnig þarf að fjölga ferðum þannig að fólk sjái hag sinn í að nýta almenningssamgöngur. Með því að koma á föstum ferðum á milli Ísafjarðar og Hólmavíkur þá er verið að gera fólki kleift að ferðast með almenningssamgöngum á landi milli Ísafarðar og Reykjavíkur og sama á við milli Vestur-Barðastrandasýslu og Reykjavíkur.

## **SSNV** –

**Eyping** – Því miður hefur þetta verkefni reynst mikil þrautaganga og varpað skugga á jákvæða þætti við framkvæmd verkefnisins. Nefna má þó jákvæð samskipti við Strætó bs. um margháttaða þjónustu og góð samskipti við Vegagerðina við úrlausn á rekstrarvanda Eypings.

Alvarlegur ágreiningur er uppi varðandi leið 57 þar sem tekjur af leiðinni renna allar til að halda uppi leiðum í öðrum landshlutum. Fyrir liggur það álit Strætó bs. að besta leiðin skili

talsverðum tekjum. Sú hugmynd hefur komið fram að mun eðlilegra væri að Eyþing héldi utan um rekstur þessarar leiðar þar sem Akureyri er endastöð á leiðinni. Krafa Eyþings er að leið 57 verði aðgreind frá rekstri annarra leiða og gerð upp sérstaklega.

Sú gagnrýni hefur komið fram að aðdragandi að yfirtöku verkefnisins hafi verið mjög stuttur og undirbúningur ófullnægjandi. Af þeim sökum voru t.d. sveitarfélögin ekki tilbúin fyrir þá aðstöðusköpun sem þeim var ætluð til að þjónusta verkefnið. Þá er rétt að vekja athygli á að engin greining lá að baki styrkveitingu ríkisins til einstakra landshluta, s.s. mat á leiðafjölda, vegalengdum, lágmarks ferðatíðni, tengingum og markaðssvæði (tekjumöguleikum).

Mikill akstur annarra fyrirtækja sem aka t.d. á milli Akureyrar og Húsavíkur á ferðamannatíma, hefur gert það ómögulegt fyrir Eyþing að fjármagna litla notkun á veturna með auknum farþegafjölda á sumrin. Reglur um einkaleyfið virðast vera frekar óljósar í ljósi dóma. Forsendur í farþegafjölda og þar með tekjur Eyþings hafa engan veginn staðist. Erfitt er að sjá ljósa punkta í þessu máli á þeim tíma sem liðinn er.

**SSA** – Mikil uppbygging hefur verið á aðstöðu og aðgengi að almenningssamgöngum. Biðskýli hafa verið sett upp á helstu biðstöðum og farmiðasala er víða.

Þann 5. júní 2013 tók gildi ný gjaldskrá sem byggist á gjaldsvæðum. Hvert gjaldsvæði spannar 15 km og tekur almennt fargjald mið af þeim fjölda gjaldsvæða sem ferðast er um. Sú gjaldskrá var m.a. sett á til að endurspeglar kostnað við akstur og til þess að hafa heildstæða gjaldskrá fyrir allt Austurland.

Haldið er úti textavarpssíðu þar sem akstursaðilar setja inn upplýsingar ef ferðir falla niður eða þeim seinkar töluvert og er síðan aðallega notuð þegar veður er slæmt.

Stórt strík var sett í reikning rekstursins á árinu 2012 þegar SSA tók ákvörðun um að verja sérleyfi sitt með því að setja lögbann á akstur Sternu sem keyrði sömu leið og ein leið í akstrinum, þ.e. sumarakstur Egilsstaðir-Höfn-Egilsstaðir. Sá gjörningur hefur haft gríðarlegar fjárhagslegar afleiðingar fyrir Samband sveitarfélaga á Austurlandi sem ekki sér enn fyrir endann á. Sjá má í rekstraryfirliti fyrir árin 2012 og 2013 hvaða áhrif þetta hefur haft á fjárstreymi til verkefnisins. Mjög brýnt er að fá niðurstöðu sem allra fyrst í þessi mál þannig að hægt sé að skipuleggja akstur og útfærslur út frá fyrirframgefnum forsendum í tekjum og gjöldum. Óljósa löggjöf þarf að skýra sem allra fyrst til þess að mikilvæg framþróun og stöðuleiki geti verið í kerfinu til lengri tíma.

Í dag er enginn akstur milli Breiðdalsvíkur og Djúpvavogs en á þessu þarf að finna lausn sem fyrst. Þá mætti vel bæta tengingu milli suðurfjarða og norðurfjarða, milli suðurfjarða og Héraðs o.fl. Það er auk þess brýnt að tengja Vopnafjörð við afleggjara og þannig tengja bæði norður til Akureyrar og austur til Egilsstaða. Gert er ráð fyrir því í rekstraráætlun að þessi þróun geti átt sér stað í upphafi árs 2015. Einn liður í að bæta þjónustuna er að taka í gagnið vefverslun sem mun auðvelda notendum miðakaup en stefnt er á taka vefverslunina í gagnið á næstu misserum. Þá stendur til að koma leiðarkerfi SVAust inn í leitarvél Strætó og þar með bæta aðgengi almennings og ferðamanna að upplýsingum og tíðni ferða.

**SASS** – Erfið barátta var í byrjun tímabilsins fyrir SASS, þar sem bjóðandi í verkið stóð ekki við gefið tilboð og endaði málið með því að samningur var gerður við annan akstursaðila sem leiddi til málaferla þar sem SASS var sýknað af málshöfðun lægst bjóðanda. Enn er óljóst um málshöfðun fyrirtækisins sem átti þriðja lægsta tilboðið í verkið en það hefur gert kröfur um 250 mkr. skaðabætur.

Eins hefur þurft að berjast fyrir því að verja einkaleyfið á Suðurlandi og virðast reglur þar um vera frekar óljósar í ljósi dóma. Mjög mikilvægt er að sett verði skýrari ákvæði í lög um einkarétt sveitarfélaganna til almenningssamgangna og þarf sá réttur að ná til tiltekinnar svæða en ekki einstakra leiða. Þá er einnig brýnt að Samgöngustofa fái skýrar heimildir um raunhæf úrræði til að bregðast við brotum á einkarétti.

Raunframlag ríkisins til almenningssamgangna hefur verið að rýrna vegna lækkunar á endurgreiðsluhlutfalli olíugjalds sem þýðir að SASS þarf á þessu ári að greiða um 10 mkr. meira til verktakans á þessu ári en árið 2012. Hlutfallið mun lækka enn meira á næsta ári og endurgreiðslan fellur síðan niður árið 2016. Þá mun raunhækkun greiðslna SASS til verktakans nema um 20 mkr. Nauðsynlegt er að framlög ríkisins til landshlutasamtakanna í framtíðinni hækki sem þessari hækkun nemur.

Óhætt er að fyllyrða að almenningssamgöngur á Suðurlandi séu miklu mun meiri og betri en fyrir árið 2012. Mjög mikilvægt skref í þeirri þróun var að ná samningi við Fjölbrautaskóla Suðurlands um að taka skólaaksturinn inn í hefðbundnar almenningssamgöngur og þar með að gefa vinnandi fólki raunhæfan kost á að sækja vinnu innan svæðisins og hefur þessari þróun verið vel tekið af notendum. Nauðsynlegt er fyrir framhald þjónustunnar við framhaldsskólana að taka svokallaðan dreifbýlisstyrk til nemenda í framhaldsskólum til endurskoðunar með það að markmiði að nýta fjármuni betur en nú er gert og styrkja almenningssamgöngukerfið í leiðinni.



## Samantekt

Á þessum tveimur árum sem liðin eru frá því að landshlutasamtök sveitarfélaga tóku við verkefninu þá virðist vera almenn ánægja með kerfið. Flest lentu samtökin í einhverjum byrjunarörðugleikum sem hafa flestir verið leystir farsælega. Reksturinn hefur gengið vel hjá öllum aðilum fyrir utan Eyþing en þar hefur gengið erfiðlega og mikill hallarekstur verið á verkefninu. Helst má rekja það til ágreinings vegna tekna af leið 57, Reykjavík-Akureyri.

Flest samtökin hafa lagað þjónustuna að hinum almenna íbúa. Ferðum hefur verið fjölgað, þær færðar til svo hægt sé að nýta þær til að stunda vinnu, sækja skóla og þjónustu milli bæjarfélaga. Þessar breytingar hafa lukkast mjög vel í flestum tilvikum og leitt af sér mikla fjölgun farþega á þessum tveimur árum. Aukningin milli áranna 2012-2013 var 13% og 38% milli áranna 2013 og 2014. Farþegum hefur fjölgað á flestum leiðum og á sumum leiðum hefur fjöldinn margfaldast. Einungis á þremur leiðum hefur orðið fækkun.

SASS og SSA hafa sameinað skóla-, starfsmanna- og almennan akstur innan svæðis. Þessar breytingar hafa gengið mjög vel og aukið þjónustuna til muna við alla notendur kerfisins. Fleiri samtök eru að undirbúa að samtvinna skólaakstur leiðarkerfinu og þ.a.l. sameina svæðin sem eitt leiðarkerfi.

Niðurfelling endurgreiðslu olíugjalds í þrepum á árunum 2013 og 2014 hefur haft í för með sér útgjaldaaukningu fyrir landshlutasamtökin sem ekki var gert ráð fyrir í samningum. Vegna þessara aðgerða stjórnvalda hefur raunframlag styrkjanna lækkað sem því nemur.

Einkaleyfisrétturinn hefur ekki verið tryggður og virðast reglur um hann vera mjög óskýrar í ljósi þeirra dóma sem fallið hafa. Mikilvægt er að sett verði skýrari ákvæði í lög um einkarétt sveitarfélaganna til almenningssamgangna. Sá réttur þarf að ná til tiltekinna svæða en ekki einstakra leiða svo samtökin sjái hag í að þróa kerfið. Vegna þessa hafa aðrir aðilar séð sér hag í að keyra ofan í styrktar leiðir á háannatímum og taka farþegana sem annars ættu að skila sér inni kerfið. Stjórnvöld virðast ekki hafa nein ráð til að bregðast við slíkum brotum í núgildandi lagaumhverfi. Eins og sjá má á ákvörðun Samgöngustofu frá 17. september 2014 um að vísa frá kvörtunum landshlutasamtaka á hendur einkaaðila vegna meintra brota á einkarétti þeirra. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lýst þeirri afstöðu í bréfi til innanríkisráðherra að það sé með öllu ótækt að bjóða upp á slíkt lagaumhverfi fyrir rekstraraðila almenningssamgangna sem hafa í góðri trú tekið verkefnið að sér með samningum við Vegagerðina. Sambandið hvetur því ráðherra til þess að leggja fram frumvarp sem ver hagsmuni samtakanna hið fyrsta.

Þá ná almenningssamgöngur á landi ekki um allt land en þær eru ekki í boði milli Breiðdalsvíkur og Hafnar. Tengja þarf leiðakerfi SVAust leiðakerfi SASS. Mögulegt er þó að ferðast á milli þessara staða með IOYO bílum Kynniferða en aðeins yfir sumartímann